



Ársskýrsla Blindrafélagsins

FYRIR STARFSÁRIÐ 2008 – 2009

| | |
|---|----|
| Skýrsla stjórnar | 5 |
| <i>Stjórn félagsins</i> | 5 |
| <i>Félagsfundir</i> | 5 |
| <i>Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga</i> | 6 |
| <i>Leiðsöguhundaverkefnið</i> | 6 |
| <i>Almannaheill</i> | 7 |
| <i>Rekstur Blindrafélagsins</i> | 7 |
| <i>Blindravinnustofan</i> | 7 |
| <i>Stefnumótun</i> | 8 |
| <i>Happdrætti Blindrafélagsins</i> | 8 |
| <i>Trúnaðarmannakerfi</i> | 9 |
| <i>Félagsskrá</i> | 9 |
| <i>Heljarmennafélagið</i> | 9 |
| <i>Heimasíða Blindrafélagsins</i> | 9 |
| <i>70 ára afmæli Blindrafélagsins</i> | 10 |
| <i>Æskulýðsfulltrúi</i> | 10 |
| <i>200 ára afmæli Louis Braille og blindraletursprentvél</i> | 10 |
| <i>Útgáfa á mastersritgerð Helgu Einarsdóttur</i> | 11 |
| <i>Styrkir til fagfólks til að sækja ráðstefnur</i> | 11 |
| <i>Hjálpartæki</i> | 12 |
| <i>Erlend samskipti</i> | 12 |
| <i>Fræðslu- og hvatningarfundir starfsfólks og stjórnar</i> | 12 |
| <i>Viðhorfskönnun meðal félagsmanna</i> | 12 |
| <i>Viðhorfskönnun meðal almennings</i> | 13 |
| <i>Tölvunámskeið fyrir eldri notendur skjástækkunarbúnaðar</i> | 13 |
| <i>Valdar greinar</i> | 13 |
| <i>Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks</i> | 13 |
| <i>Blindrasýn</i> | 13 |
| <i>Blindrabókasafnið og Blindrafélagið</i> | 14 |
| <i>Ráðning forstjóra Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga</i> | 14 |
| <i>Starfslýsingar og ráðningar</i> | 14 |
| <i>Talþjónninn Ragga</i> | 15 |
| Fjáraflanir 2008 | 17 |
| <i>Happdrætti</i> | 17 |
| <i>Blindrasýn</i> | 17 |
| <i>Styrktarfélagar og góðvinir</i> | 17 |
| <i>Fyrirtækjasöfnun</i> | 18 |
| <i>Jóla kort</i> | 18 |

| | |
|---|----|
| <i>Þríkrossinn</i> | 18 |
| <i>Hljóðbækur</i> | 18 |
| Gjafir og styrkir til Blindrafélagsins | 19 |
| <i>Framlag Alþingis á fjárlögum 2008 og 2009</i> | 19 |
| <i>Styrkur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra</i> | 19 |
| <i>Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands</i> | 19 |
| <i>Áheiti frá Glitni v/Reykjavíkumaraþons í ágúst 2008</i> | 19 |
| <i>Landsöfnun Lionshreyfingarinnar á Íslandi</i> | 19 |
| <i>Arfur úr dánarbúi Sigríðar Margrétar Magnúsdóttur</i> | 20 |
| Veittir styrkir | 20 |
| <i>Hvatningarstyrkir Blindrafélagsins</i> | 21 |
| <i>Hjálpartækjastyrkir Blindrafélagsins</i> | 22 |
| Starfsmannamál | 22 |
| Viðhald og rekstur fasteigna | 25 |
| <i>Mötuneyti</i> | 25 |
| Ferðapjónusta blindra árið 2008 | 26 |
| Dagur hvíta stafsins | 27 |
| Valdar greinar frá júní 2008 – júní 2009 | 27 |
| Félagssvið | 28 |
| <i>Skýrsla rágjafa á félagssviði fyrir árið 2008</i> | 28 |
| <i>Vinna með félagsmönnum Blindrafélagsins</i> | 28 |
| <i>Samstarfsaðilar</i> | 29 |
| <i>Trúnaðarmenn Blindrafélagsins</i> | 29 |
| Leiðsöguhundar | 30 |
| <i>Forsaga málsins</i> | 30 |
| <i>Framkvæmdin</i> | 31 |
| <i>Niðurstaða</i> | 33 |
| Námssjóður Blindrafélagsins | 33 |
| Sjóðurinn Blind börn á Íslandi | 33 |
| Ársskýrsla atvinnumálafulltrúa árið 2008 | 34 |
| Norðurlandsdeild Blindrafélagsins | 35 |
| Skýrsla suðurlandsdeildar fyrir 2008 og fyrri hluta 2009 | 36 |
| RP deild | 37 |
| Kvennadeild | 38 |
| Ungblind, Ungmennadeild Blindrafélagsins | 38 |
| Tómstundanefnd | 39 |
| Ferðanefnd | 39 |
| Skemmtinefnd | 40 |
| Bókmenntaklúbbur Blindrafélagsins veturinn 2008 – 2009 | 40 |
| Opið hús | 41 |

| | |
|--|----|
| Opið hús á laugardögum | 41 |
| Blindravinnustofan | 42 |
| <i>Starfsmannamál</i> | 42 |
| <i>Nýir og fyrrverandi söluaðilar</i> | 43 |
| <i>Stjórn Blindravinnustofunnar</i> | 43 |
| Ársskýrsla kennsluráðgjafa apríl 2008 – desember 2008 | 43 |
| Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga | 45 |
| Daufblindrafélag Íslands – Ársskýrsla 2008 – 2009 | 47 |
| <i>Stjórn Daufblindrafélags Íslands</i> | 47 |
| <i>Aðalfundur</i> | 48 |
| <i>Stjórnarfundir</i> | 48 |
| <i>Starfsmannamál</i> | 48 |
| <i>Félagsfundur</i> | 49 |
| <i>Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga</i> | 49 |
| <i>Erlend samskipti</i> | 50 |
| <i>Norræn rannsókn á högum daufblinds fólks á Norðurlöndunum</i> | 51 |
| <i>Fjáröflun og rekstur</i> | 51 |
| Heimsping World Blind Union | 52 |
| CSUN ráðstefna og sýning dagana 16. – 21. mars sl. | 53 |
| <i>Fyrirlestrar</i> | 54 |
| <i>Hjálpartækjasýningin</i> | 55 |
| Minnisblað starfshóps um leiðsöguhunda á Íslandi | 55 |
| <i>Inngangur</i> | 55 |
| <i>Starf hópsins</i> | 56 |
| <i>Helstu niðurstöður og tillögur hópsins</i> | 58 |
| Ráðningar í opinber störf | 60 |
| Um starfslýsingar og ráðningar fólks með fötlun | 61 |
| Minningargrein formanns Blindrafélagsins um Helgu Einarsdóttur | 63 |
| Viðhorfskannanir meðal félagsmanna Blindrafélagsins | 66 |
| <i>Viðhorfskönnun meðal félagsmanna Blindrafélagsins 18 – 67 ára</i> | 66 |
| <i>Viðhorfskönnun meðal félagsmanna Blindrafélagsins, 68 – 80 ára</i> | 67 |
| <i>Viðhorfskönnun meðal félagsmanna Blindrafélagsins, 18 – 67 ára</i> | 68 |
| <i>Viðhorfskönnun meðal félagsmanna Blindrafélagsins, 68 – 80 ára</i> | 69 |
| <i>Viðhorfskönnun meðal félagsmanna Blindrafélagsins, 18 – 80 ára</i> | 70 |



Skýrsla stjórnar

Ársskýrsla stjórnar Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2008 – 2009 gerir grein fyrir helstu þáttum í starfi og stefnumótun stjórnar félagsins frá seinasta aðalfundi, sem haldinn var þann 16. maí 2008. Það er von stjórnar að skýrslan gefi glöggt yfirlit yfir þau málefni sem stjórnin hefur unnið að á síðasta starfsári. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í fundargerðir stjórnar sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Stjórn félagsins

Stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2008 – 2009 hélt alls 15 stjórnarfundi. Stjórnarskipan og fundarsókn var eftirfarandi (eftir 14 fundi):

| | | | |
|----------------------------|---------------|-------------|------|
| Kristinn Halldór Einarsson | formaður | fundarsókn: | 100% |
| Ágústa Gunnarsdóttir | varaformaður | fundarsókn: | 93% |
| Sigbór Hallfreðsson | ritari | fundarsókn | 100% |
| Bergvin Oddsson | gjaldkeri | fundarsókn | 93% |
| Halldór S. Guðbergsson | meðstjórnandi | fundarsókn | 71% |
| Inga Sæland | varamaður | fundarsókn | 21% |
| Kolbrún Sigurjónsdóttir | varamaður | fundarsókn | 100% |
| Lilja Sveinsdóttir | varamaður | fundarsókn | 86% |

Fundir voru að jafnaði haldnir á tveggja vikna fresti og stóðu stjórnarfundir að jafnaði yfir í rétt tæpar tvær og hálf klukkustund.

Samkvæmt lögum félagsins eru stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þeir stjórnarmenn sem eru að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru Ágústa Gunnarsdóttir, Bergvin Oddsson og Inga Sæland.

Félagsfundir

Á starfsárinu voru haldnir tveir félagsfundir. Fyrri fundurinn var haldinn 30. október og fjallaði hann um efnahagskreppuna sem þá hafði nýlega haft mikil áhrif hér á landi. Á fundinum var gerð ítarleg grein fyrir þeim áhrifum sem líklegt þótti að fall bankanna myndi hafa á fjárhag Blindrafélagsins. Auk þess fluttu ávörp þeir Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur og álitsgjafi og Stefán Ólafsson prófessor.

Seinni félagsfundurinn var haldinn 26. mars og á honum var fjallað um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Á fundinum fluttu erindi Helga Baldvins og Bjargardóttir lögfræðinemi og þroskaþjálfari, Helgi

Hjörvar alþingismaður og Kristinn Halldór Einarsson formaður Blindrafélagsins.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Síðastliðið haust var tilbúið frumvarp til laga um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga sem sérstakur starfshópur, skipaður fulltrúum allra hagsmunaaðila, vann. Blindrafélagið hefur í langan tíma barist fyrir þessu máli. Eftir að efnahagskreppan reið yfir var mjög tvísýnt um það hvort frumvarpið yrði lagt fram, hvað þá samþykkt. Undir lok nóvember bárust af því fréttir að litlar líkur væru til þess að frumvarpið yrði lagt fram. Stjórn Blindrafélagsins, formaður og framkvæmdastjóri, beittu sér með ýmsum hætti í málinu. Skrifaðar voru greinar í blöðin, send voru bréf á ráðherra í ríkisstjórn Íslands og fundað með félagsmálaráðherra. Skilaboðin voru skýr, það væri of mikið í húfi með tilliti til þeirrar vinnu sem búið væri að inna af hendi, þeirrar samstöðu sem náðst hefði um málið, hversu brýnt væri að bæta úr í málaflokki sem hefði verið vanræktur í mörg ár, lögð áhersla á það tjón sem af hlytist ef málið yrði ekki afgreitt á þáverandi þingi, þrátt fyrir þær aðstæður sem skapast hefðu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þessi skilaboð náðu í gegn og frumvarpið var afgreitt í mikilli samstöðu og eindrægni. Eftir á að hyggja er ljóst að mat stjórnar félagsins á aðstæðum og hversu hættulegt það myndi vera málinu ef það yrði ekki afgreitt á þessu þingi var hárrétt. Þegar horft er á atburðarrásina sem fór af stað í byrjun árs 2009 má vera ljóst að engar líkur eru á að frumvarpið hefði orðið að lögum á vörþinginu 2009 og þá væru þau verkefni sem stofnað hafði verið til í nafni nýrrar miðstöðvar, t.d. í skólamálu, í miklu uppnámi núna.

Leiðsöguhundaverkefnið

Í ágúst mánuði voru 4 leiðsöguhundar fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga teknir í notkun hér á landi. Hundarnir komu frá leiðsöguhundaskóla norsku blindrasamtakanna. Leiðsöguhundaverkefnið var unnið í samstarfi við Heilbrigðisráðuneytið samkvæmt sérstökum samningi þar um. Við hið mikla gengisfall sem varð á íslensku krónunni á seinustu mánuðum ársins 2008 brugðust fjárhagslegar forsendur samningsins við Heilbrigðisráðuneytið. Blindrafélagið hefur skilað Heilbrigðisráðuneytinu ítarlegri skýrslu um verkefnið sem og tillögu um hvernig samningnum skuli lokað.

Heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, skipaði nefnt til að gera tillögu að framtíðarskipulagi leiðsöguhundamála á Íslandi. Nefndin skilaði af sér til ráðherra undir lok apríl og má sjá tillögur nefndarinnar í viðauka með

þessari skýrslu. Aðal áhersluatriði tillagnanna er að leiðsöguhundar skuli skilgreindir sem hjálpartæki, að úthlutun þeirra skuli vera á forræði þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar og að Blindrafélagið komi að reglulegri umsjón, eftirfylgni og rekstri.

Almannaheill

Í júní stóð Blindrafélagið ásamt öðrum samtökum fyrir því að stofna Samtökin almannaheill, sem er samstarfsvettvangur félaga og sjálfseignarstofnana sem vinna að almannaheill á Íslandi. Samtökunum er ætlað að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir almannaheillasamtök og sjálfseignarstofnanir sem starfa í almannaþágu, skapa þessum aðilum hagfelld starfsumhverfi, styrkja ímynd þeirra og efla stöðu þeirra í samfélaginu.

Ennfremur er þeim ætlað að vera málsvari þeirra gagnvart opinberum aðilum og samfélaginu, stuðla að umræðu og þrýsta á aðgerðir stjórnvalda í málefnum þeirra, að því er segir í tilkynningu.

Sambærileg heildarsamtök tíðkast í flestum nágrannalanda okkar og hafa starfað þar um langt árabíll með góðum árangri.

Rekstur Blindrafélagsins

Rekstarumhverfi félagsins versnaði mikið á síðasta ári. Tap á rekstrinum nam um 23 m.kr. Ástæður tapsins er fyrst og fremst mikil niðurfærsla sem gerð var á eignum félagsins í verðbréfasjóðum Landsbankans og Glitnis í kjölfar bankahrunsins í október 2008. Auk þess er hlutabréfaeign félagsins í Glitni töpuð eftir að bankinn fór í gjaldþrot. Þrátt fyrir þessu áföll er peningaleg staða félagsins góð.

Verkefnasjóður félagsins varð ekki fyrir neinum áföllum vegna hruns bankanna og skílaði rúmlega 10 m.kr. hagnaði á árinu.

Blindravinnustofan

Á seinasta aðalfundi Blindravinnustofunnar var samþykkt að fjölga í stjórn vinnustofunnar úr þremur í fimm. Tilgangur með fjölgun stjórnarmanna var að breikka þekkingargrunn innan stjórnarinnar þannig að þar væri, jafnhliða góðri rekstrarþekkingu, sérþekking á hugmyndafræði varðandi málefni fatlaðs fólks, hæfingu þess og endurhæfingu. Í stjórn Blindravinnustofunnar sitja eftirtaldir: Guðmundur Rafn Bjarnason, viðskiptafræðingur, en hann er stjórnarformaður. Hanna Björg Sigurjónsdóttir, lektor við fötlunarfræði HÍ. Kristinn Halldór Einarsson, formaður Blindrafélagsins, Olga

Björg Jónsdóttir, félagsráðgjafi og Þorsteinn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Vinnustaða ÖBÍ.

Snemma á árinu 2009 hófust könnunarviðræður á milli Blindrafélagsins, SÍBS og ÖBÍ um möguleikann á því að sameina alla þessa vinnustaði. Þær viðræður standa enn yfir.

Rekstur Blindravinnustofunnar var með ágætum á árinu og skilaði um 11 milljón króna hagnaði.

Sem hluta af lokaverkefni í Stefnumiðaðri stjórnun við Endurmenntun Háskóla Íslands tók Kristinn Halldór Einarsson formaður Blindrafélagsins fyrir rekstur Blindravinnustofunnar. Úttektin er Blindravinnustofunni algerlega að kostnaðarlausu.

Stefnumótun

Í upphafi árs setti stjórn Blindrafélagsins í gang viðamikla stefnumótunavinnu þar sem ítarlega er farið yfir meginstefnu, viðskiptastefnu og starfsþáttastefnu Blindrafélagsins. Þessi vinna er opin öllum stjórnarmönnum. Þeir sem hafa að langmestu leyti komið að þessari vinnu eru Ágústa Gunnarsdóttir, Halldór Sævar Guðbergsson, Kristinn Halldór Einarsson, Sigbór Hallfreðsson og Ólafur Haraldsson framkvæmdastjóri Blindrafélagsins. Í viðauka með þessari skýrslu er kynning á hluta af þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir. Áformað er að næsta haust verði þessari vinnu lokið og þá fari í gang kynningar- og umræðufundarröð þar sem farið verði yfir niðurstöðurnar og almennum félagsmönnum veitt tækifæri til að koma með athugasemdir. Að því loknu verði efnt til félagsfundar þar sem stefnumótunin verður afgreidd formlega.

Happdrætti Blindrafélagsins

Sala í happdrætti Blindrafélagsins hefur verið að dragast saman undanfarin ár.

Veigamiklar breytingar voru gerðar á vorhappdrætti félagsins sem nú stendur yfir. Miðar voru sendir á nöfn allra Íslendinga á aldrinum 30 – 85 ára sem búsettir eru hérlendis. Þetta eru um 150.000 einstaklingar. Eingöngu voru sendir rafrænir miðar til fólks sem er á aldrinum 30 – 64 ára, en til þeirra sem eru 65 ára og eldri voru miðarnir einnig sendir á pappír.

Til að örva söluna, verður þeim sem greiða miðana „gefin“ afmælisgjöf“, sjóntrygging sem gildir frá dráttardegi (12. júní) til næstu áramóta. Þessi

trygging kostar félagið um 50 kr. fyrir hvern einstakling. Miðaverðið verður 1.939 kr. og með því er minnt á stofnár félagsins.

Kynningarspjald var sent út í fjölpósti á öll heimili landsins tveimur dögum áður en miðarnir birtust í netbönkum landsmanna. Kynningarbréfið var sent út 27. apríl og miðarnir birtust í netbönkum landsmanna 29. apríl. Miðarnir birtast sem valkrafa. Kaupþing annast bankþjónustu vegna happdrættisins og hefur umsjón með rafrænu birtingunni.

Þessi útfærsla er byggð á tillögum sem unnar voru í verkefnavinnu í markaðsfræði við Endurmenntun Háskóla Íslands af hópi sem Kristinn Halldór Einarsson formaður Blindrafélagsins var í.

Trúnaðarmannakerfi

Síðastliðið haust var ráðist í að endurnýja og endurskipuleggja trúnaðarmannakerfi félagsins. Nýr yfirtrúnaðarmaður er Brynja Arthúrsdóttir og með henni sem aðaltrúnaðarmenn eru Ragnar Magnússon og Halla Dís Hallfreðsdóttir. Tvö trúnaðarmannanámskeið hafa verið haldin og tókust bæði mjög vel.

Félagsskrá

Síðastliðið haust var ráðist í að færa félagsskránnu yfir í outlook og safna tölvupóstföngum félagsmanna til að hægt yrði að vera í rafrænu sambandi við þá. Félagsskráin er nú orðin mun aðgengilegri og meira upplýsandi varðandi þjónustu sem félagsmenn eru að nýta sér.

Heljarmennafélagið

Heljarmennafélagið var endurreist á seinasta ári. Nokkrir félagsmenn, ásamt ættingjum og vinum, gerðu tilraun til þess að fara á hæsta tind Íslands, Hvannadalshnjúk, en urðu frá að hverfa vegna veðurs. Önnur atлага er fyrirhuguð nú um hvítasunnuna og hafa æfingar staðið yfir að undanfögnu.

Heimasíða Blindrafélagsins

Í febrúar síðastliðnum var tekin í gagnið ný heimasíða Blindrafélagsins. Síðan er mikið breytt frá eldri síðu. Ný heimasíða Blindrafélagsins er með aðgengisvottun 1 og 2 frá Sjá, óháðri ráðgjöf, og ÖBÍ. Vottun 2 tekur sérstaklega á aðgengi fyrir blinda og sjónskerta. Mikil áhersla var lögð á aðgengismálin við hönnun og smíði síðunnar. Almennur rómur er að vel hafi tekist til.

70 ára afmæli Blindrafélagsins

Þann 19. ágúst 2009 verða liðin 70 ár frá stofnun Blindrafélagsins. Stefna stjórnar félagsins er að reyna að gera eitthvað í hverjum mánuði sem tengja mætti 70 ára afmæli félagsins. Í janúar var þess minnst að 200 ár eru liðin frá fæðingu Louis Braille, sem er höfundur Blindraletursins, í febrúar var ný heimasíða félagsins tekin í notkun, í mars var tilkynnt um kaup á nýrri blindraletursprentvél, en félagið átti stóran þátt í að finna styrktaraðila sem fjármagnaði kaup á blindraletursprentvél fyrir Þjónustu- og Þekkingarmiðstöðina. Í apríl gaf Blindrafélagið í samstarfi við Háskólaútgáfunu og Blindravinafélag Íslands út ritgerð Helgu Einarsdóttur „Ungt blint og sjónskert fólk – samfélag, sjálf og skólinn“. Í maí mun Heljarmennafélagið gera atlögu að Hvannadalshnjúk, í júní mun félagið senda fulltrúa á alþjóðaráðstefnu í tilefni af 200 ára afmæli Louis Braille, í júlí mun Heljarmennafélagið taka þátt í göngu í Núpsstaðarskógi, í ágúst mun verða afmælisveisla, í september mun verða umræðu og fundarröð til að ræða nýja stefnumörkun Blindrafélagsins og í október er stefnt að félagsfundum til að ræða og afgreiða nýja stefnumörkun. Ekki hefur enn verið ákveðið hvað gert verður í desembermánuði.

Æskulýðsfulltrúi

Í aprílmánuði ákvað stjórn Blindrafélagsins að ráða æskulýðsfulltrúa til starfa hjá félaginu og á meginhlutverk hans að vera að efla tengsl, skipuleggja tómstundir, samverustundir og annað sem yngra félagsfólk kann að óska eftir. Til starfsins hefur verið ráðinn Þorkell Steindal og hefur hann þegar hafið störf.

200 ára afmæli Louis Braille og blindraletursprentvél

Þann 4. janúar 2009 voru liðin 200 ár frá fæðingu Louis Braille sem fann upp blindraletrið. Af því tilefni gekkst Blindrafélagið fyrir fjölmiðlaumfjöllun til að kynna þessi tímamót. Félaginu tókst að tryggja góða umfjöllun, m.a. í aðalfréttatíma RUV Sjónvarps, í viðtali og umfjöllun í Morgunblaðinu auk þess sem Kristinn Halldór Einarsson skrifaði grein í Morgunblaðið, sem vakti það mikla athygli að það gaf sig fram styrktaraðili sem fjármagnaði að öllu leyti kaup á nýrri blindraletursprentvél fyrir Þjónustu- og Þekkingarmiðstöðina. Núverandi prentvél er komin til ára sinna og er að niðurlotum komin. Verð á prentvél sem þessari er um 11 milljónir íslenskra króna. Þessi styrktaraðili, sem ekki vill láta nafn síns getið, gaf einnig nýjan blindraletursprentara á skrifstofu félagsins, sem félagið hafði þá þegar ákveðið að festa kaup á. Verð á þeim prentara er um 700 þúsund krónur.

Hinn nýi blindraletursprentari á skrifstofu félagsins gefur skrifstofunni möguleika á að auka verulega prentþjónustu við félagsmenn sem lesa blindraletur. Þannig á nú að vera hægt að fá akstursyfirlit, launaseðla og fleiri upplýsingar á blindralettri sé óskað eftir því.

Útgáfa á mastersritgerð Helgu Einarsdóttur

Um mitt sumar á síðasta ári varð Helga Einarsdóttir bráðkvödd á heimili sínu aðeins 43 ára að aldri, en Helga gegndi veigamiklu hlutverki í mótun nýrrar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar og vann ætíð ötullega að hverskonar hagsmunamálum blinds og sjónskerts fólks. (*Sjá nánar minningargrein um Helgu í viðauka á bls. 63*).

Þegar Helga lést var hún við það að klára mastersritgerð í fötlnarfræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin heitir „Blint og sjónskert fólk – samfélag, sjálf og skólinn“. Ritgerðin verður gefin út af Blindrafélaginu og Háskólaútgáfunni með styrk frá Blindravinafélagi Íslands. Ritgerðin mun koma út á íslensku í hefðbundnu bókarformi með hljóðdisk, ásamt því að vera fánleg á blindralettri og stækkuðu lettri. Jafnframt mun ritgerðin verða gefin út á ensku með hljóðdiski.

Styrkir til fagfólks til að sækja ráðstefnur

Stjórnir Blindrafélagsins og Blindravinafélags Íslands sameinuðust um að auglýsa meðal fagfólks, sem vinnur að málefnum blindra og sjónskertra, styrki til að taka þátt í ráðstefnum, námsstefnum, námsskeiðum, sýningum og e.t.v. öðrum faglegum viðburðum erlendis sem eru til þess fallnir að auka fagþekkingu viðkomandi og þar af leiðandi færni í starfi.

Flest fagfólk sem vinnur að málefnum blindra og sjónskertra starfar hjá opinberum stofnunum, en eins og flestir vita hafa þessar opinberu stofnanir þurft að skera að mestu niður námsferðir starfsmanna sinna til útlanda. Með því að auglýsa þessa styrki nú, vilja Blindrafélagið og Blindravinafélag Íslands leggja sitt af mörkum til þess að fagfólk geti haldið áfram að sækja nauðsynlega viðburði.

Umsóknarfrestur var til 15. apríl og voru veittir samtals 10 styrkir. Hámarksupphæð hvers styrks var 150.000 íslenskar krónur.

Eingöngu voru veittir styrkir vegna viðburða á tímabilinu apríl – desember 2009.

Hjálpartæki

Fyrr á þessu ári tók Blindrafélagið formlega að sér sölu á hjálpartækjum sem ekki eru skilgreind sem úthlutunartæki hjá hinni nýju Þjónustu- og þekkingarmiðstöð. Unnið er að því að útfæra með hvaða hætti hægt er að skipuleggja hjálpartækjasöluna á vegum Blindrafélagsins þannig að hámarka megi þjónustustig og lágmarka kostnað og fjárhagslega áhættu.

Erlend samskipti

Á starfsárinu bar mest á þátttöku Blindrafélagsins í alheimspingi World Blind Union sem fram fór í Genf í Sviss í ágúst. Félagið átti 8 fulltrúa á þinginu og var þátttakan bæði lærdómsrík og hvetjandi. (Í viðauka á bls. 52, má sjá skýrslu frá þinginu).

Í nóvember 2008 var haldinn NSK fundur á Hótel Örk í Hveragerði.

Í mars sóttu formaður og framkvæmdastjóri NSK fund í Noregi. Í þeirri ferð var tækifærið notað til að heimsækja fjáröflunardeild norsku Blindrasamtakann til að kynna því með hvaða hætti þau standa að fjáröflunum og var það mjög fræðandi.

Blindrafélagið á fulltrúa í eftirtöldum stýrihópum innan European Blind Union:

Low vision Steering Group: Kristinn Halldór Einarsson

Childrens Steering Group: Inga Dóra Guðmundsdóttir

Fræðslu- og hvatningarfundir starfsfólks og stjórnar

Á starfsárinu var efnt til sameiginlegra fræðslu- og hvatningarfunda með starfsfólki og stjórnarmönnum Blindrafélagsins. Tveir fundir hafa verið haldnir, á þeim fyrri var fjallað um algengan hjálparbúnað sem blindir og sjónskertir nota og sá Ágústa Gunnarsdóttir varaformaður félagsins um kynninguna. Á seinni fundinum kynnti Hanna Björg Sigurjónsdóttir lektor við Háskóla Íslands fötlunarfræðina og þær hugmyndir sem þar eru til umfjöllunar.

Viðhorfskönnun meðal félagsmanna

Á haustmánuðum 2008 var ráðist í að kanna tölvuaðgengi félagsmanna Blindrafélagsins á aldrinum 18 – 80 ára. Í sömu könnun voru félagsmenn spurðir um viðhorf til þjónustu skrifstofunnar. Aðalniðurstöður viðhorfskönnunarinnar voru þær að tölvuaðgengi mældist 62%, 68% félaga höfðu nýtt sér þjónustu skrifstofunnar og 98% þeirra voru ánægðir með þjónustu

skrifstofunnar. (*Allar niðurstöður viðhorfskönnunarinnar má sjá í viðauka á bls. 66 – 70*).

Viðhorfskönnun meðal almennings

Sem hluta af stefnumótunarvinnu Blindrafélagsins og í tilefni af 70 ára afmæli þess ákvað stjórn félagsins að semja við Capacent Gallup um að ráðast í viðamikla viðhorfskönnun á afstöðu almennings til blindu, sjónskerðingar og fleiri tengdum atriðum. Stefnt er að því að kynna viðhorfskönnunina í heild sinni í 70 ára afmælisútgáfu málgagns Blindrafélagsins.

Tölvunámskeið fyrir eldri notendur skjástækkunarbúnaðar

Í samstarfi við Tölvumiðstöð fatlaðra hefur verið efnt til tölvunámskeiðs fyrir eldri notendur skjástækkunarbúnaðar. Námskeiðið er vonandi það fyrsta í röð námskeiða fyrir félagsmenn Blindrafélagsins til að efla tölvukunnáttu þeirra og gera þá þannig færari til að afla sér upplýsinga og njóta afþreyingar.

Valdar greinar

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á framsetningu Valdra greina í því skyni að gera þær aðgengilegri til hlustunar á heimasíðu félagsins. Jafnframt var upptaka og vinnsla á Völdum greinum færð úr húsnæði Blindrafélagsins, svo losa mætti herbergið fyrir Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina, og samið var við Hljóðvinnsluna ehf um upptöku og eftirvinnslu. Hafa þessar breytingar verið til mikilla bóta.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Félagsfundur var haldinn þar sem Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var kynntur. Nú er unnið að innleiðingu sáttmálans hér á landi en Ísland hefur þegar skrifað undir sáttmálann. Í sáttmálanum er kveðið á um mikilvæg réttindamál. Sáttmálinn hefur verið gerður mjög aðgengilegur inn á heimasíðu Blindrafélagsins fyrir alla til að kynna sér. Blindrafélagið mun í samstarfi við European Blind Union og aðildarfélög þess skrásetja með hvaða hætti íslensk stjórnvöld innleiða sáttmálann. Helga Baldvins Bjargardóttir hefur fallist á að hafa umsjón með eftirlitinu á Íslandi fyrir hönd Blindrafélagsins.

Blindrasýn

Blindrasýn var gefið út í október 2008 og var því dreift með Fréttablaðinu. Ritstjóri blaðsins var Bergvin Oddsson.

Í ljósi erfiðs efnahagsástands ákvað stjórn Blindrafélagsins að gefa út eitt tölublað af Blindrasýn á árinu 2009 og að sú útgáfa skyldi koma út í ágúst á 70 ára afmæli félagsins. Nú er unnið að fullum krafti að blaðinu. Í stefnumótunarvinnunni hefur sú hugmynd komið fram að breyta nafni mál gagns félagsins úr Blindrasýn yfir í Víðsjá.

Blindrabókasafnið og Blindrafélagið

Blindrafélagið styrkti útgáfu af lesforritinu EasyReader frá Dolphin sem gefið var út af Blindrabókasafninu, en forritið var íslenskað af starfsmanni safnsins. Fimmtudaginn 11. september var útgáfan kynnt í Blindrabókasafninu og afhenti menntamálaráðherra fyrstu eintök forritsins til aðila sem koma að málum blindra, sjónskertra og lesblindra.

Blindrafélagið styrkti Blindrabókasafnið vegna yfirfærslu á efni yfir á staf-rænt form. Meðal bóka sem innan skamms mun verða fáanleg á Blindrabókasafninu er Saga blindra á Íslandi, en hún hefur ekki verið fáanleg á hljóðformi um langan tíma.

Ráðning forstjóra Þjónustu- og Þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Stjórn Blindrafélagsins fjallaði um ráðningu forstjóra Þjónustu- og Þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga á fundi sínum þann 26. febrúar 2009. Huld Magnúsdóttir var ráðin sem forstjóri og hefur samstarfið við hana á fyrstu vikum frá því að hún kom til starfa verið með miklum ágætum. (*Ályktunina í heild sinni má sjá í viðauka á bls. 60*).

Starfslýsingar og ráðningar

Félagsfundur Blindrafélagsins haldinn þann 26 mars sl. samþykkti að vísa til stjórnar eftirfarandi ályktun sem borin var upp á fundinum:

„Félagsfundur í Blindrafélaginu haldinn 26. mars að Hamrahlíð 17 lýsir furðu sinni og undrun á ráðningu starfsmanns sem á að sjá um gerð blindraletursefnis við Þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga. Þar var umsækjanda sem gjörþekkir blindralettrið og hefur unnið um áratugaskeið að þróun þess hafnað. Fundurinn felur stjórn félagsins að fylgja þessari ályktun eftir og fer fram á rökstuðning fyrir því af hverju viðkomandi einstaklingi var hafnað. Félagsfundurinn álitur að þar hafi nýr sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun verið þverbrotinn. Félagsfundurinn minnir á kjörorð Öryrkjabandalagsins Ekkert um okkur án okkar“.



Stjórn félagsins fjallaði um málið á stjórnarfundi þann 2. apríl. Í viðauka, á bls. 61, má sjá ályktun stjórnar Blindrafélagsins í heild sinni, en þar er meðal annars að finna eftirfarandi stefnumörkun:

„Stjórn Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, skorar á allar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök sem starfa að mál-efnum fatlaðra að setja sér það markmið að starfsþáttum sé þannig raðað saman að til geti orðið störf sem henta fötluðum starfsmönnum. Í þessu felst að leitast skuli eftir því að fremsta megni að hagræða í þágu fatlaðra þannig að ekki séu í starfslýsingum starfsþættir sem fela í sér hindranir sem valda því að fatlaður einstaklingur eigi ekki möguleika á að vera metinn hæfur.“

Talþjónninn Ragga

Það er kunnara en frá þurfi að segja að mikil óánægja er ríkjandi meðal talþjónanotenda með talþjónninn Rögggu. Meginskýringin á þeim vanköntum sem Ragga býr yfir liggur í því að upphaflega var Ragga smíðuð sem símsvörunartalþjónn og var því gerð í svokallaðri telecom útgáfu. Til að gera talþjónninn Rögggu nothæfan fyrir blinda, sjónskerta, lesblinda og aðra sem reiða sig á reglulega notkun talþjóna þarf að vera til staðar svokölluð solo útgáfa. Kristinn Halldór Einarsson formaður félagsins hefur þrýst á um að solo útgáfa verði gerð og nú er svo komið að fyrsta solo útgáfan er tilbúin og standa vonir til að fljótlega verði hægt að taka hana í notkun. Þessi solo útgáfa er mun betri en telecom útgáfan sem nú er í notkun en er þó ekki fullkomin. Með tilkomu solo útgáfunnar er hinsvegar hægt að fara að sníða af hnökra og vinna að því að gera talþjónninn Rögggu það góðann að allir geti verið fullsæmdir af því að hún tali hljómfagurt, rétt og fallett íslenskt mál.



Fjáraflanir 2008

Hvað varðar fjáraflanir félagsins á hinum frjálsa markaði er nauðsynlegt að endurskoða þær reglulega. Ástæður eru einkum þær að samkeppni hefur aukist mjög á markaðnum og áherslur eru síbreytilegar. Sífelld fleiri félagsamtök leita eftir styrkjum til fyrirtækja og einstaklinga. Fjöldi sölumanna hefur atvinnu af því að selja almenningi varning í nafni þekktra líknarfélaga. Einnig eru framlög fyrirtækja mjög háð sveiflum í atvinnulífinu. Félagið naut góðs af uppganginum sem var í efnahagslífinu.

Á síðasta ári urðu mikil umskipti þegar 3 stærstu viðskiptabankar landsins hrundu í sömu vikunni. Miklir fjárhagslegir erfiðleikar hafa hrjáð þjóðina síðustu mánuði og sér ekki fyrir endann á þeim. Þetta hefur að sjálfsögðu bitnað verulega á fjáröflunum félagsins og þar með fjárhagi þess.

Happdrætti

Happdrættið er ein helsta tekjulind félagsins. Nú eru tvö happdrætti á ári, að vori og að hausti. Miðar voru sendir til allra heimila og fyrirtækja landsins. Miðaverð var óbreytt milli ára, kr. 1.500. Miðasala í vorhappdrættinu 2008 var nánast sú sama og í vorhappdrættinu 2007 en salan minnkaði um 17% í hausthappdrættinu þegar borið er saman við hausthappdrættið 2007. Óhætt er að segja að efnahagsástandið var þá farið að segja verulega til sín. Allur undirbúningur happdrættis félagsins fór fram á skrifstofunni.

Blindrasýn

Fréttablað Blindrafélagsins, Blindrasýn, kom út tvisvar á árinu 2008 og var því fyrra dreift sem fylgiriti með Morgunblaðinu en því síðara með Fréttablaðinu. Fyrra tölublaðið kom út 30. mars og seinna tölublaðið 15. október, á Degi hvíta stafsins. Ritstjóri fyrra tölublaðsins var Ásgerður Sveinsdóttir en Bergvin Oddsson hins síðara. Sala á styrktarlínunum og auglýsingum gekk vel í fyrra blaðinu og stóð þá undir útgáfu- og dreifingarkostnaði blaðsins. Hinsvegar minnkaði auglýsingasalan töluvert í síðara blaðinu og var það gefið út með tapi.

Styrktarfélagar og góðvinir

Í árslok voru styrktarfélagar Blindrafélagsins um 4.100 talsins sem greiddu árgjaldið 2008, en það var 2.300 kr. Auk styrktarfélaga eru um 850 sérstakir góðvinir félagsins sem greiða árgjald góðvina, en það er 3.600 kr. á ári. Allir styrktarfélagar og góðvinir Blindrafélagsins sem greiða árgjaldið eru tryggðir af félaginu gegn sjónmissi vegna slysa.

Fyrirtækjasöfnun

Leitað var til um 700 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið frá árunum 2004 til 2007. Send voru út bréf í ágúst 2008 þar sem þau voru beðin um að styrkja félagið vegna leiðsöguhundaverkefnis. Viðtökur voru góðar og voru heimtur vel viðunandi.

Jóla kort

Jóla kortasala dróst saman um 14% frá árinu á undan sem má teljast vel viðunandi þar sem samkeppni á markaðnum er að aukast, sendingar jóla korta að dragast saman, auk þess sem efnahagshrunið setti verulegt strik í reikninginn.

Á einstaklingsmarkaði var boðið kort og merkisþjöld með myndinni „Jóla-stjörnur“ eftir listakonuna Mæju en þetta er þriðja árið sem mynd eftir hana þýðir jóla kort félagsins.

Á fyrirtækjamarkaði voru boðin jóla kort með ljósmynd af Skaftafelli í Öræfum eftir Sigurgeir Sigurjónsson ljósmyndara.

Jóla kortapakkar voru sendir út til styrktarfélaga, góðvina og félagsmanna alls um 5500 pakkar. Rúmur helmingur þeirra sem fengu pakkana greiddu þá sem má teljast vel viðunandi.

Þríkrossinn

Sala Þríkrossins jókst í krónum talið um 15% frá árinu á undan. Þrátt fyrir það dróst framlegð af sölnunni saman um rúm 5% sem þýðir að meðalálagning lækkaði umtalsvert á árinu en gullverð og annar framleiðslukostnaður hefur hækkað verulega undanfarið og ekki hefur verið unnt að velta öllum þeim hækkunum út í verðlagið.

Þríkrossinn hefur verið seldur frá árinu 1989 og er einn vinsælasti og táknrænasti skartgripurinn á íslenskum markaði. Erlendir ferðamenn eru vaxandi kaupendahópur sem markvisst hefur verið reynt að ná til.

Þríkrossinn er nú framleiddur sem hálsmen í fjórum stærðum, barmmerki, eyrnalokkar, bindisnæla, næla fyrir íslenska þjóðbúninginn og skeið og gaffall fyrir börn.

Hljóðbækur

Á árinu var útgáfuréttur af 76 hljóðbókatitlum sem Blindrafélagið átti, seldur Hljóðvinnslunni/Hljóðbók.is, sem er fyrirtæki Gísla Helgasonar. Með í

kaupunum fylgdi lager Blindrafélagsins af umræddum hljóðbókum. Stjórn félagsins þótti eðlilegt að selja umræddan lager og útgáfurétt þar sem útgáfu hljóðbóka var í raun hætt fyrir nokkrum árum síðan og erfitt að halda úti heildsöludreifingu á gömlu efni eingöngu.

Blindrafélagið mun þó halda áfram að selja hljóðbækur í smásölu en sú sala fer fram í afgreiðslu á skrifstofunni er liður í þjónustu félagsins við félagsmenn sína.

Gjafir og styrkir til Blindrafélagsins

Framlag Alþingis á fjárlögum 2008 og 2009

Eins og undanfarin ár sótti Blindrafélagið um fjárveitingu til Fjárlaganefndar Alþingis. Í desember 2008 samþykkti Alþingi að fjárveiting til félagsins skyldi vera óbreytt frá fyrra ári eða kr. 10.000.000. Stjórn félagsins þakkar hinu háa Alþingi fyrir þann velvilja sem það hefur lengi sýnt félaginu.

Styrkur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra

Sótt var um styrk úr Framkvæmdasjóði fatlaðra vegna almenns viðhalds á fasteignum félagsins. Var félaginu úthlutað úr sjóðnum kr. 5.000.000 vegna veigamikilla viðgerða á drenlögnum við Hamrahlíð 17. Er stjórn sjóðsins færðar bestu þakkir fyrir öflugan stuðning við fasteignarekstur félagsins á liðnum árum.

Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands

Öryrkjabandalag Íslands veitir aðildarfélögum sínum árlega styrki til ýmissa verkefna. Bandalagið auglýsir eftir umsóknum um styrkina og sótti Blindrafélagið um og fékk styrk að upphæð kr. 1.750.000 sem skyldi notaður til að fjármagna leiðsöguhundaverkefni félagsins. Er bandalaginu þakkaður stuðningurinn við verkefnið.

Áheit frá Glitni v/Reykjavíkumaraþons í ágúst 2008

Allmargir starfsmenn Glitnis og aðrir sem þátt tóku í hlaupinu hétu á Blindrafélagið. Framlög þeirra til félagsins námu um 200 þús. króna.

Landsöfnun Lionshreyfingarinnar á Íslandi

Á aðalfundi Blindrafélagsins 2008 afhenti Lionshreyfingin á Íslandi Blindrafélaginu afrakstur af sölu Rauðu fjaðrarinnar, landssöfnunar Lionshreyfingarinnar, sem stóð yfir dagana 3. til 6. apríl.

Alls söfnuðust um tólf og hálf milljón króna sem runnu í leiðsöguhundaverkefni Blindrafélagsins og voru peningarnir settir í Verkefnasjóð félagsins. Þessi mikla söfnun hefur gert félaginu kleyft að vinna af krafti að leiðsöguhundaverkefninu þrátt fyrir mikla kostnaðarhækkanir vegna gengisfalls íslensku krónunnar á árinu.

Lionshreyfingin á Íslandi og Blindrafélagið þakka Lionsfólki og landsmönnum öllum þann höfðingsskap og velvild sem þau sýndu við söfnun þessarar háu fjárhæðar og senda alúðarkveðjur til allra sem að málinu komu.

Þessu til viðbótar ákvað Lionsklúbburinn Freyr að færa félaginu kr. 400.000 í leiðsöguhundaverkefnið. Sú upphæð var afhent félaginu í Opnu húsi þann 9. október.

Arfur úr dánarbúi Sigríðar Margrétar Magnúsdóttur

Í ársskýrslu síðasta árs var sagt frá arfi sem Blindrafélaginu tæmdist úr dánarbúi Sigríðar um 21 milljón króna. Þegar skiptum úr búinu var að fullu lokið í ársbyrjun 2009 kom í ljós að Blindrafélagið hafði fengið um 4 m.kr. til viðbótar úr dánarbúinu.

Ýmsir aðrir ónafngreindir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum. Eru þeim öllum færðar innilegustu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.

Veittir styrkir

Á stjórnarfundi 11. ágúst 2008 var samþykkt að veita Sjónstöð Íslands 600 þús. kr. styrk til þátttöku í svonefndu Senior verkefni sem unnið er í samvinnu við Háskólann í Kalmar í Svíþjóð og varðar útgáfu á upplýsingabæklingum fyrir eldri borgara um hrörnun í augnbotnum.

5. febrúar 2009 var samþykkt að veita Íþróttafélagi fatlaðra 45.000 kr. styrk til að greiða laun hjálparmanns við sumarþúðir ÍF. Á sama fundi var samþykkt að veita félagsmanni 200 þús kr. styrk til að sækja hjálpartækjaráðstefnu í Los Angeles.

Þann 2. apríl 2009 er samþykkt að veita Blindrabókasafninu styrk að upphæð kr. 500.000 til að ljúka átaksverkefni sem snýst um að flytja allt efni af spólum yfir á diska, þ.e. að gera bókakost safnsins rafrænan. Einnig fékk

Blindrabókasafnið einnar milljón kr. styrk á árinu 2008 til að gera forritið „Easy Reader“ aðgengilegt fyrir félagsmenn.

Hvatningarstyrkir Blindrafélagsins

Í mars 2008 ákvað stjórn Blindrafélagsins að koma á fót hvatningarstyrkjum félagsins. Ástæður þess að stjórn Blindrafélagsins ákvað þessa styrki eru einkum þær að hún telur brýnt að hvetja félagsmenn til að takast á við ný og ögrandi verkefni. Stjórninni hafa borist beiðnir um styrki frá félagsmönnum sem eru að vinna að sérstökum verkefnum á eigin vegum og hef-ur ekki verið hægt að bregðast við slíkum beiðnum með viðunandi hætti þar sem engar vinnureglur hafa gilt um slíka fjárstyrki. Með veitingu hvatningarstyrkja einu sinni á ári, vill stjórnin koma öllum slíkum styrkbeiðnum í einn farveg.

Tilgangur styrkjanna er að veita félagsmönnum 18 ára og eldri hvatningarstyrki sem tengjast atvinnusköpun, listum, menningu, afreksíþróttum og öðrum aðstæðum þar sem félagsmenn eru að takast á við spennandi og óhefðbundin verkefni. Eingöngu skal veita styrki til verkefna sem ekki eiga kost á styrkjum úr öðrum sjóðum á vegum Blindrafélagsins.

Úthlutunarreglur eru eftirfarandi:

1. Styrkþegar verða að vera 18 ára eða eldri og vera félagsmenn í Blindrafélaginu og hafa greitt félagsgjöld til félagsins.
2. Umsóknareyðublöð verða að vera vel út fyllt og allar umbeðnar upplýsingar verða að koma fram. Verði umsækjandi beðinn um frekari upplýsingar, verður að veita þær.
3. Umsóknum skal skilað til ráðgjafa Blindrafélagsins á þar til gerðum eyðublöðum.
4. Markmið með verkefnum sem sótt er um styrki til, þurfa að vera skýr og raunhæf.
5. Þeir sem hljóta hvatningarstyrk Blindrafélagsins verða að skila inn greinargerð um hvernig styrkurinn hafi nýst eigi síðar en einu ári eftir úthlutun.
6. Þeir sem eru að sækja um styrk í fyrsta sinn skulu hafa forgang þegar kemur að úthlutun.
7. Hægt er að sækja um oftar en einu sinni til sama verkefnisins.
8. Þeir sem fá hvatningarstyrk Blindrafélagsins verða að vera tilbúnir að veita viðtöl á miðlum félagsins, s.s. á Völdum greinum og á heimasíðu.

9. Úthlutunarnefndinni er ekki skylt að veita öllum umsækjendum styrk hverju sinni.

Styrkirnir voru veittir í fyrsta sinn á aðalfundi félagsins 2008 og veittar voru alls kr. 1.100.000 til 5 félagsmanna.

Hjálpartækjastyrkir Blindrafélagsins

Stjórn Blindrafélagsins samþykkti á fundin sínum 12. mars 2009 að úthluta árlega styrkjum til félagsmanna sinna til kaupa á hjálpartækjum fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga. Fjármagn til styrkjanna skal sótt í Verkefnasjóð félagsins.

1. Stjórn Blindrafélagsins auglýsir árlega á miðlum félagsins styrki til kaupa á hjálpartækjum.
2. Styrkir skulu veittir til félagsmanna Blindrafélagsins, 18 ára og eldri.
3. Styrkir eru eingöngu veittir til kaupa á sérstökum hjálpartækjum blindra og sjónskertra sem ekki eru niðurgreiddir eða styrktir að öðru leiti af opinberum aðilum.
4. Styrkir skulu nema 60% af kaupverði hjálpartækisins, þó að hámarki kr. 40.000 hver styrkur.
5. Stjórn Blindrafélagsins skal ákveða hverju sinni heildarupphæð veittra styrkja. Ef sú tala dugar ekki fyrir öllum samþykktum umsóknum, skal hámarksupphæð hvers styrks lækka hlutfallslega.
6. Styrkþegar skulu framvísa reikningi vegna tækjakaupa til að fá samþykktan styrk greiddan. Reikningurinn má ekki vera eldri en 12 mánaða (aldrei eldri en frá síðustu úthlutun).
7. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu og heimasíðu félagsins.
8. Styrkirnir skulu auglýstir á miðlum félagsins eigi síðar en 1. október ár hvert.

Starfsmannamál

Á árinu 2008 urðu eftirfarandi breytingar helstar á starfsmannahaldi Blindrafélagsins:

Í lok janúar lét Inga Dóra Guðmundsdóttir af störfum sem foreldrafulltrúi en hélt áfram starfi sínu sem allþjóðafulltrúi til loka febrúar en þá lét hún alveg af störfum sem launaður starfsmaður. Inga Dóra hefur þó ekki lokið afskiptum sínum af málefnum félagsins því hún var kjörin formaður for-

eldradeildarinnar og kemur sem slíkur að vinnu félagsins. Ingu Dóru eru þökkuð frábær störf sem starfsmaður félagsins og þann metnað og ástríðu sem hún sýndi í störfum sínum. Er henni óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Á árinu hætti Ágústa Eir Gunnarsdóttir sem ritstjóri Blindrasýnar og ritstjóri Valdra greina en hún réði sig í starf kennsluráðgjafa í 50% starfi snemma á árinu. Er Ágústu þökkuð frábær störf í stóli ritstjóra og þess vænst að hún hafi ekki sagt sitt síðasta í þeim efnum.

Í júlí 2008 tók Jóhanna Kondrup við sem ritstjóri Valdra greina og stýrir nú blaðinu sem hefur komið út á tveggja vikna fresti frá því í október 2008.

Í janúar 2008 lækkaði starfshlutfall Kristínar Waage bókara félagsins og Blindravinnustofunnar niður í 60% samkvæmt hennar eigin ósk. Nokkru síðar óskaði Kristín eftir því að breyta vinnufyrirkomulagi sínu þannig, að hún gæti sinnt sínum störfum að mestu leiti heiman frá sér. Var þetta fyrirkomulag samþykkt og hefur það gengið vel.

Pórey Haraldsdóttir starfaði sem matráður Opna hússins frá ársbyrjun til loka maí eða þar til Opna húsið fór í sumarfrí.

Í septemberbyrjun var ákveðið að opna mötuneytið í Hamrahlíð 17 að nýju í hádeginu 5 daga vikunnar. Fyrstu 2 mánuðina var Guðberg Halldórsson ráðinn matráður en síðan tók við Hafrún Lára Bjarnadóttir. Er þau bæði boðin velkomin til starfa. Guðberg hefur haldið áfram sem lausamaður og hefur bæði verið Láru til aðstoðar og leyst hana af þegar á hefur þurft að halda. Einnig hefur Pórey Haraldsdóttir verið til aðstoðar sem lausamaður. Er öllu þessu fólki þökkuð vel unnin störf.

Eins og fram kom í skýrslu síðasta árs tók Blindrafélagið við rekstri kennsluráðgjafar blindra og sjónskertra grunnskólabarna í september 2007 í umboði Menntamálaráðuneytisins. Þá var gert ráð fyrir því að Blindrafélagið ræki þessa þjónustu í eitt ár. Vegna þess að tafir urðu á samþykki frumvarps á Alþingi um nýja þjónustu og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga, var samningur við ráðuneytið um rekstur kennsluráðgjafarinnar framlengdur til ársloka 2008 en hin nýja þjónustu og þekkingarmiðstöð tók til starfa 1. Janúar 2009 og fluttust þá starfsmenn kennsluráðgjafarinnar til hinnar nýju stofnunar.

Kennsluráðgjöfin varð fyrir miklu höggi þegar Helga Einarsdóttir, forstöðumaður hópsins, lést mjög óvænt þann 31. júlí 2008 aðeins 42 ára að aldri. Helga var óumdeildur forystumaður kennsluráðgjafanna og stýrði starfi þeirra og stefnumótun. Í minningarorðum sem formaður Blindrafélagsins ritaði í Morgunblaðið segir m.a.:

„...Þegar kom að faginu og því málefni sem Helga hafði helgað líf sitt þá bjó hún yfir einstæðum eiginleikum. Hún var allt í senn eldhugi, fræðimaður, kennari, frumkvöðull og hugmyndafræðingur, auk þess sem málstaðurinn stóð hjarta hennar svo nærri sem nokkur kostur var. Þegar litið var til reynslu, menntunar, þekkingar og hugmyndafræðilegrar nálgunar á málefnum blindra og sjónskertra hér á landi þá stóð Helga þar fremst...“.

Blindrafélagið sendir fjölskyldu Helgu Einarsdóttur innilegar samúðarkveðjur.

Aðrar breytingar á starfssemi kennsluráðgjafarinnar voru að Bylgja Mist Gunnarsdóttir var ráðin kennsluráðgjafi í 100% starf í september. Er hún boðin velkomin til starfa. Auk þess var Ingunn Hallgrímsdóttir, kennsluráðgjafi flutt yfir í blindraletursdeild Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar og hóf störf þar í byrjun janúar 2009.

Blindrafélagið þakkar öllum kennsluráðgjöfunum fyrir ánægjulegt samstarf meðan félagið sá um rekstur ráðgjafarinnar og vonast eftir áframhaldandi góðu samstarfi við þá hjá hinni nýju stofnun.

Mónika Kjartansdóttir vann við afleysingar í fullu starfi frá júní til október. Frá 1. nóvember hefur hún unnið í 50% starfi við tímabundin verkefni.

Blindrafélagið þakkar hér með öllum starfsmönnum sínum vel unnin störf á árinu og óskar þeim sem hurfu frá störfum velfarnaðar á öðrum sviðum.

Í desember 2008 voru 26 starfsmenn á launaskrá hjá félaginu í tæplega 16 stöðugildum, þar af 4 í kennsluráðgjöf.

Heildarstarfsmannakostnaður félagsins árið 2008 nam 65,1 milljónum króna að meðtöldum launatengdum gjöldum, þar af kr. 24,2 milljónir króna vegna kennsluráðgjafar.

Viðhald og rekstur fasteigna

Lóðarframkvæmdum vestan við Hamrahlíð 17 sem hófust síðla árs 2007, lauk á vormánuðum 2008. Þá lauk malbikun bílastæða og öðrum lokafrágangi. Að því loknu var sett var upp nýtt ljósaskilti framan á skyggnið ofan við aðalinnganginn í húsið.

Viðgerð á þaki gamla hússins fór fram snemma sumars 2008. Skipt var um járn á þakinu og niðurfallsrennur. Verkið tók um 2 vikur.

Reist var upp hundagerði við austurgafli gömlu álmunnar. Gerðið er um 20 fm að flatamáli og mun þjóna leiðsöguhundum blindra og eigendum þeirra.

Seinni hluta ársins 2008 hófust framkvæmdir við endurnýjun á drenlögnum umhverfis gömlu álmu hússins. Einnig voru útveggir neðan jarðlínu þéttir. Þetta var mikið verkefni sem lauk að mestu í ársbyrjun 2009. Heildarkostnaður við verkið var um 10 m.kr.

Um síðustu áramót tók Þjónustu- og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga við húsaleigusamningi Sjónstöðvar Íslands sem þá hafði tekið við leigu á allri 5. hæðinni í Hamrahlíð 17. Litlar breytingar urðu á hópi leigjenda í húsinu.

Þann 27. október 2008 var undirritaður kaupsamningur milli Blindrafélagsins og Félagsbústaða í Reykjavík um kaup Félagsbústaða á íbúð Blindrafélagsins í Bogahlíð 10. Hafa þá allar íbúðir félagsins utan Hamrahlíðar 17 og Stigahlíðar 71 verið seldar.

Mötuneyti

Mötuneyti í Hamrahlíð 17 tók til starfa mánudaginn 1. september eftir um 5 ára hlé og hafa undirtektir verið góðar. Aðjafnaði hafa 20 – 30 manns borðað hádegismat í mötuneytinu. Upphaflega var gert ráð fyrir því að matarverðið greiddi hráefniskostnaðinn og hefur það markmið náðst. Ákvörðun hefur verið tekin um að halda rekstrinum áfram næsta vetur eftir sumarleyfi.

Ferðapjónusta blindra árið 2008

Í lok ársins 2008 voru um 412 einstaklingar, sem nýttu sér ferðapjónustuna og hefur þá notendum fjölgað um 36 á árinu. Þar af eru 32 sem eru utan sveitarfélaga með samning um þjónustuna, þ.e. fá 21% afslátt af ferðunum auk umsýslugjalds sem er kr. 50 á ferð.

Ferðum hefur fækkað úr 34.068 í 33.782, eða um 286 ferðir, sem er nýbreytni og endurspeglar kannski aðstæður í þjóðfélaginu.

Á árinu 2008 hefur meirihluti notenda fengið rafrænu kortin í leigubíllana og hefur það gefið góða raun. Stefnt er að því að allir notendur fái kortin á árinu 2009.

| Sveitarfélag | Heildar- hlutdeild | Fjöldi ferða | Meðaltal pr. ferð |
|--|-----------------------|-----------------|----------------------|
| Akureyri | 520.797 | 507 | 1.027 |
| Álftanes | 109.376 | 81 | 1.350 |
| Grindavík | 221.783 | 245 | 905 |
| Hafnarfjörður | 2.385.075 | 2.069 | 1.153 |
| Reykjavík | 30.742.473 | 29.960 | 1.026 |
| Seltjarnarnes | 700.817 | 593 | 1.182 |
| Skaftárhreppur | 319.657 | 327 | 978 |
| Samtals | 34.999.978 | 33782 | |
| Notendur í sveitarfélögum án samnings | 683.770 | 583 | 1.173 |

Samningur Blindrafélagsins við Hafnarfjarðarbæ var endurnýjaður snemma árs 2009 og er greiðsla bæjarins óbreytt frá síðasta ári. Ljóst er að greiðslan dugar ekki fyrir núverandi þjónustustigi. Í apríl 2009 var tekin ákvörðun um að skerða þjónustuna þannig að fyrstu 8 ferðir hvers notanda í hverjum mánuði verða greiddar af þjónustunni að fullu en aðrar ferðir verða notendur sjálfir að greiða að frádregnum afslætti.

Einnig var rætt við forystumenn á Akureyri og Mosfellsbæ um ferðapjónustusamninga. Ekki hefur tekist að sannfæra Mosfellinga um ágæti slíks samnings en Akureyringar sáu ljósið og var samningur undirritaður við bæinn í mars 2008. Sá samningur verður endurnýjaður snemma á árinu 2009 og verða greiðslur óbreyttar frá 2008. Hætta er á því að skerða þurfi þjónustuna þar líkt og í Hafnarfirði. Viðræður um samninga standa einnig yfir við sveitarstjórnarmenn í Árborg en niðurstöður liggja ekki fyrir.

Dagur hvíta stafsins

Haldið var upp á Dag hvíta stafsins 15. október 2008 með því að heimsækja fjölmiðla og fá fjölmiðla til okkar.

Laugardaginn 18. október var haldinn ökudagur, þar sem félagsmönnum Blindrafélagsins var gefinn kostur á að aka bíl.

Aksturinn fór fram á athafnasvæði Frumherja uppi á Hesthálsi. Félagar Ökukennarafélags Íslands mættu með bíla sína og fóru í ökutúr með fólkinu.

Þetta tókst afskaplega vel.

Milli 20 og 30 félagsmenn tóku þátt í ökudeginum.

Valdar greinar frá júní 2008 – júní 2009

Jóhanna Kondrup tók við ritstjórn hljóðtímaritsins „Valdra greina“, af Ágústu Eir Gunnarsdóttur í júní 2008. Þá var hljóðtímaritið unnið í hljóðverinu í Hamrahlíð 17 með aðstoð tæknimanns, og kom út u.þ.b. einu sinni í viku. Var fyrst haldið áfram með sama hætti, en síðan var ákveðið að loka hljóðverinu í Hamrahlíð og flytja hljóðvinnsluna til Blindrabókasafnsins. Það þótti ekki góð lausn til framtíðar og var þá hljóðvinnslan flutt til Gísla Helgasonar (Hljóðvinnslan ehf.) í nóvember 2008, þar sem hún hefur verið síðan.

Vegna fjölda ábendinga frá hlustendum, sem fannst of mikið að fá diskinn vikulega, lagði ég til að breyta þessu og gefa Valdar greinar út aðra hvora viku, en hafa meira efni, og eru þær nú gefnir út á Mp3 diskum, og eru um 100 – 30 mínútur að lengd, en voru áður ca. 60 mínútur. Ritstjóri hefur fengið góð og jákvæð viðbrögð við þessari breytingu en engin neikvæð. En vissulega þurfa tilkynningar og annað efni frá félaginu að berast okkur með nægum fyrirvara.

Efnisval hefur haldist líkt og áður, með áherslu á upplýsingar frá Blindrafélaginu til félagsmanna og það sem varðar okkar hagsmuni í samfélaginu, tæknilegar nýjungar fyrir blinda og sjónskerta, fréttir frá Blindrabókasafninu um nýjar bækur, ýmis viðtöl við félagsmenn og aðra, og síðan lestur blaðagreina sem Sigríður Guðmundsdóttir hefur umsjón með sem fyrr.

Á ný endurgerðri og aðgengilegri heimasíðu Blindrafélagsins má m.a. hlusta á Valdar greinar. og líklegt að fleiri og fleiri muni nota sér þessa leið, því mætti kanna nákvæmlega hvað margir félagsmenn vilja fá diskana senda heim.

Félagssvið

Skýrsla rágjafa á félagssviði fyrir árið 2008

Helstu verkefni

- Vinna með félagsmönnum og aðstandendum þeirra, sem vilja og/eða þurfa að breyta einhverju í lífi sínu
- Standa vörð um réttindi og hagsmuni einstakra félagsmanna og aðstoða þá við að ná fram rétti sínum
- Fylgjast með þróun réttindamála
- Vinna að endurhæfingarmálum blindra og sjónskertra
- Vinna að rannsóknum á högum blindra og sjónskertra
- Halda utan um trúnaðarmannakerfi Blindrafélagsins, skipuleggja fundi með trúnaðarmönnum og boða til þeirra
- Umsjón með Námsgjóði Blindrafélagsins
- Umsjón með sjóðnum Blind börn á Íslandi

Vinna með félagsmönnum Blindrafélagsins

Starfshlutfall ráðgjafa á félagssviði hefur verið u.þ.b. 60% á ári undanfarin ár. Vinnutími ráðgjafa er frá kl. 9.00 – 15.00 frá mánudegi til fimmtudags að báðum dögum meðtöldum. Á þeim tímum er félagsmönnum velkomið að koma á skrifstofuna og tala við ráðgjafa um hvaðeina sem á bjátar án þess að skrá sig sérstaklega í viðtal. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel en hefur haft það í för með sér að tölur um skráð viðtöl og fjölda skjólstæðinga eru ekki eins nákvæm og fyrr. Fyrir utan viðtöl sinnir ráðgjafi erindum í síma og með tölvuskeytum og fer töluverður tími í að sinna málum skjólstæðinga með þeim miðlum. Ráðgjafi hefur getað í æ frekara mæli vísað á trúnaðarmenn félagsins, t.d., hvað varðar móttöku nýrra félagsmanna. Með þessu fyrirkomulagi getur ráðgjafi á félagssviði einbeitt sér að þeim einstaklingum sem þurfa sérstakrar þjónustu við og haft tíma til þess að sinna fræðslu og samstarfi við þá aðili sem koma að málum þeirra.

Samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar voru stofnanir sveitarfélaga sem sjá um félagslega heimabjónustu, liðveislu og öldrunarþjónustu, ýmsar öldrunarstofnanir, þjónustu og þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga, Tryggingastofnun ríkisins, heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti, svæðisskrifstofur málefna fatlaðra, Vinnumiðlun fatlaðra, Hringsjá, starfsþjálfun fatlaðra, systurfyrirtæki Símans Já.is., Proskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands. Þær breytingar urðu um áramótin að afsláttur af afnotagjöldum ríkisútvarpsins til félagsmanna féll niður þar sem ekki verða lengur innheimt afnotagjöld af útvarpi og sjónvarpi. Þess í stað hefur verið ákveðið að lagður verði skattur á landsmenn sem rennur til reksturs ríkisútvarpsins.

Trúnaðarmenn Blindrafélagsins

Markmið trúnaðarmanna Blindrafélagsins er að miðla af reynslu sinni og veita þannig andlegan stuðning þeim sem hafa misst eða eru að missa sjón og aðstandendum þeirra. Ennfremur að veita almennar upplýsingar um réttindi og þjónustu við blindra og sjónskerta. Trúnaðarmenn hvetja til virkrar þátttöku í samfélaginu og eru fyrirmynd hvað það varðar sem og annað í daglegu lífi. Trúnaðarmenn Blindrafélagsins eru sjálfir blindir eða sjónskertir og hafa starfað frá 1. júní 1998.

Ákveðið var á árinu að efla Trúnaðarmannakerfi félagsins og voru í þeim tilgangi ráðnir í janúarbyrjun þrjú félagsmenn í launað starf til þess að halda góðu sambandi við sem flesta félagsmenn. Aðaltrúnaðarmenn í launuðu starfi eru Brynja Arthúrsdóttir, sem jafnframt er yfirtrúnaðarmaður, Halla Dís Hallfreðsdóttir og Ragnar Magnússon. Aðrir trúnaðarmenn eru 15 að tölu og sinna einstökum málum í sjálfböðastarfi þegar þess er óskað eða það hentar betur vegna landfræðilegra aðstæðna, sjúkdóma, aldurs eða kyns. Trúnaðarmenn hafa einnig komið að fræðslu og kynningarmálum á vegum félagsins.

Fjöldi mála og árangur starfsins:

| Ár | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 |
|----------------|------|------|------|------|
| Skjólstæðingar | 280 | 293 | 255 | 266 |
| Símaviðtöl | 795 | 710 | 934 | 982 |
| Heimsóknir | 51 | 45 | 48 | 59 |
| Viðtöl | 139 | 144 | 179 | 96 |

Starfsdagur Trúnaðarmanna var haldinn 28. nóvember og var markmið starfsdagsins leiðsögn og starfsfyrirkomulag.

Trúnaðarmenn mæta reglulega í „Opið hús“ Blindrafélagsins og sinna þar störfum sínum við að taka á móti félagsmönnum og veita upplýsingar um hin ýmsu málefni varðandi félagstarf og réttindi sjónskertra. Tvisvar á ári er nýjum félagsmönnum Blindrafélagsins boðið sérstaklega í „Opið hús“ til þess að kynna starfssemi þess. Þá eru allir trúnaðarmenn félagsins til staðar og taka á móti nýjum félagsmönnum til þess að auðvelda þeim aðkomu að félagsstarfinu.

Leiðsöguhundar

Forsaga málsins

Árið 2007 gerðu Blindrafélagið og Heilbrigðisráðuneytið með sér samstarfssamning um að flytja til landsins fimm þjálfaða leiðsöguhunda fyrir blinda og sjónskerta. Að vel athuguðu máli ákvað Blindrafélagið að leita til norsku Blindrasamtakanna um ráðgjöf og samvinnu á verkefninu en norsku blindrasamtökin hafa rekið þjálfunarskóla fyrir leiðsöguhunda í rúm 30 ár og hafa því víðtæka reynslu og þekkingu af því hvernig best sé að standa að uppbyggingu á slíkri þjónustu fyrir blinda og sjónskerta.

Verkefnið hófst með því að sex umsækjendur um leiðsöguhunda héldu utan til Noregs á þriggja daga forþjálfunarnámskeið þar sem markmiðið var að fá sem besta mynd af því hvaða væntingar umsækjendur hafa til hundsins og hvaða eiginleikum hundurinn skal vera búinn til þess að hundur og maður vinni sem best saman. Allir þátttakendur í fornámskeiðinu þóttu hæfir til þess að fá leiðsöguhund en af ýmsum ástæðum var ákveðið að hagkvæmast væri að fjórir hundar kæmu til landsins að þessu sinni og að þeir sem ættu að fá fyrstu hundana væru Alexander Hrafnkelsson, Friðgeir Jóhannesson, Guðlaug Erlendsdóttir og Lilja Sveinsdóttir sem öll voru þátttakendur í fornámskeiðinu.

Að hálfu Leiðsöguhundaskóla norsku blindrasamtakanna fóru í hönd nokkrir mánuðir sem notaðir voru til þess að velja rétta hunda fyrir þessa notendur miðað við persónuleika hvers og eins, gönguhraða, raddblæ og sjálfsöryggi í umferli. Þetta val er mikilvægt þar sem allir hafa misjafnar aðstæður og misjafnar þarfir frá degi til dags. Þá tók við þjálfun hundanna og undirbúningur fyrir ný heimkynni á Íslandi. Blindrafélagið undirbjó á

sama tíma komu hundanna meðal annars með víðtækri kynningu á getu þeirra og umgengnisreglum almennings við þá. Upplýsinga og kynningarbæklingur var gerður og honum dreift víða um land. Kynningarfundir fóru fram í fyrirtækjum og á stofnunum þar sem fyrirsjáanlegt væri að umferð hundanna yrði nokkur. Gengið var frá tryggingum hundanna hjá Trygg-ingarmiðstöðinni og gerður samningur við dýralækna sem taka að sér árlegt heilbrigðiseftirlit með hundunum. Fyrirtækið Vistor sem flytur inn hundafóður tók þátt í kynningu á hundunum hefur einnig tekið að sér að útvega þessum fjórum hundum frítt fóður fyrstu 3 árin. Samstarfssamningur Blindrafélagsins við Leiðsöguhundaskóla norsku blindrasamtakanna felur í sér að tveir þjálfarar skólans taka þátt í samþjálfunarnámskeiði á heimaslóð og eftirfylgni með verkefninu sem felst í vikulangri heimsókn árlega fyrstu fjögur árin eftir afhendingu.

Framkvæmdin

Fjórir þjálfarar leiðsöguhunda fyrir blinda og sjónskerta komu til landsins frá Leiðsöguhundaskóla norsku blindrasamtakanna í lok júlí 2008 og voru þeir vistaðir í Einangrunarstöðinni í Höfnum á Reykjanesi næstu fjórar vikurnar. Nokkur óvissa hafði verið um hvaða áhrif það gæti haft á þjálfun hundanna að fara í svo langa einangrun að lokinni þjálfun og hafði Blindrafélagið gert samkomulag við stöðina um að hundabjálvari Blindrafélagsins, Drífa Gestsdóttir mætti heimsækja hundanna vikulega í því augnamiði að halda þjálfun þeirra við. Vistunin á einangrunarstöðinni gekk framár öllum vonum og var það mat hundabjálvara og starfsmanna einangrunarstöðvarinnar að þjálfun hundanna hefði á engan hátt orðið fyrir tjóni og að skapstyrkur hundanna og markviss þjálfun hefði skilað sér í yfirvegaðri og góðri hegðun allan tímann í einangruninni.

Leiðsöguhundabjálfarar frá Leiðsöguhundaskóla norsku blindrasamtakanna þau Nicolai Løvseth og Ann Sofie Englund komu til landsins í lok ágúst og tóku á móti hundunum að lokinni einangrun. Þau voru sammála því að einangrunin hefði ekki haft neikvæð áhrif á þjálfun hundanna. Fjögurra vikna samþjálfunarnámskeið tilvonandi notenda og hunda hófst síðan á Nýja-bæ í Ölfusi í upphafi septembermánaðar og tókst það mjög vel að álitu allra viðkomandi.

Að lokinni tveggja vikna dvöl og stífu þjálfunarprógrammi með norsku þjálfurum og væntanlegum notendum fóru hundarnir heim með notendum sínum og kynntust í fyrsta sinn nýjum heimkynnum sínum og verðandi sambylismönnum. Við þau umskipti 12. september 2008 voru hundarnir formlega afhentir notendum sínum við hátíðlega athöfn í húsi Blindrafélagsins.



Páverandi heilbrigðisráðherra Guðlaugur Þór Þórðarson afhenti hundana fyrir hönd ráðuneytisins og sagði meðal annars í ræðu sinni að það væri von hans að framhald yrði á verkefninu á næsta ári. Eftir að hundarnir komu til nýrra heimkynna var skipulagðri þjálfun síðan haldið áfram næstu tvær vikur þar sem þjálfunin tók á sig persónulegra snið miðað við þarfir hvers og eins notanda.

Niðurstaða

Taka þarf tillit til þess við að meta ávinning af notkun leiðsöguhunda á síðastliðnu ári að eðlilegt er að það taki um það bil ár að fullþjálfa saman notanda og hund. Yfirumsjón af samþjálfunarferlinu hefur verið í höndum hundþjálfara Blindrafélagsins, Drífu Gestsdóttur sem hefur verið getað gripið strax inn í ferlið í hverju tilfelli fyrir sig ef einhver afturför í þjálfun hefur átt sér stað. Lítið hefur borið á vandkvæðum í samvinnu þessara fjögurra hunda og notenda þeirra og getur heilsufar hundanna einnig talist vera mjög gott.

Námssjóður Blindrafélagsins

Styrkir úr Námssjóði Blindrafélagsins eru veittir tvisvar á ári til allra þeirra félagsmanna sem stunda nám við viðurkenndar menntastofnanir. Styrkurinn er hugsaður sem hvatning til náms með það í huga að létta fjárhagslega undir með styrkþegum í undirbúningi þeirra að bættum lífskjörum.

Sjóðurinn Blind börn á Íslandi

Styrkir úr sjóðnum Blind börn á Íslandi eru veittir börnum að 18 ára aldri vegna atburða eða hluta sem ekki eru styrktir af opinberu fé. Styrkirnir eru veittir tvisvar á ári og eru þetta oftast styrkir til hljóðfærakaupa, leiktækja og tölvukaupa. Árið 2005 stofnaði sjóðurinn Leikfangasafn sem komið var fyrir í vörslu þjónustu og þekkingarmiðstöðvar blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga. Leiktæki og leikföng sem ætluð eru til sjónörvunar barna eru dýr og endast börnum í stuttan tíma. Markmið sjóðsins er að kaupa ný leikföng og leiktæki einu sinni á ári í framtíðinni í þeirri von að sjóðurinn megi verða fleiri blindum og sjónskertum börnum og fjölskyldum þeirra til gagns og gleði á komandi tímum. Fjárhagsgeta sjóðsins hefur vaxið töluvert á undanförunum árum og ásamt því að sinna hefðbundnum verkefnum á síðasta ári afhenti sjóðurinn 9 grunnskólabörnum sérútbúnaðar fartölvur til þess að auðvelda þeim námið á næstu misserum.

Ársskýrsla atvinnumálafulltrúa árið 2008

Atvinnumálafulltrúi var í 40% starfshlutfalli á árinu.

Starf atvinnumálafulltrúa er margþætt, en meginviðfangsefni eru eftirfarandi:

- viðtöl og ráðgjöf við félagsmenn Blindrafélagsins
- atvinnuleit fyrir hönd félagsmanna
- að vera félagsmönnum til aðstoðar vegna atvinnuviðtala og umsókna um störf
- eftirfylgd á vinnustað
- leit að starfsþjálfun við hæfi félagsmanna og aðstoð við umsóknir um starfsþjálfun
- eftirfylgd með starfsþjálfun
- leit að námi við hæfi og aðstoð við umsóknir um nám eða skólavist
- umsjón með gerð vinnusamninga öryrkja
- eftirfylgd og endurnýjun vinnusamninga
- fræðsluerindi og kynningar í fyrirtækjum og stofnunum
- kynningar fyrir samstarfsmenn félagsmanna á vinnustöðum
- öflun upplýsinga um réttindi og skyldur í tengslum við atvinnu- og menntamál félagsmanna

Á árinu átti atvinnumálafulltrúi samskipti við nítján félagsmenn Blindrafélagsins vegna persónulegra mála þeirra. Auk þess var samvinna við ýmsa aðra, innan og utan félagsins, vegna starfsins.

Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir helstu verkefnum atvinnumálafulltrúa þetta ár.

Atvinnumálafulltrúi aðstoðaði við að finna nokkur sumarstörf. Einn félagsmaður fékk framtíðarstarf.

Atvinnumálafulltrúi sinnti eftirfylgd og tók stuðningsviðtöl og endurnýjaði vinnusamninga við Tryggingastofnun fyrir nokkra félagsmenn. Tveir örorkuvinnusamningar voru gerðir á árinu.

Atvinnumálafulltrúi tók þátt í að skipuleggja „Blint kaffihús“ í samstarfi við Ungblind og Hitt húsið. Kaffihúsið var starfrækt í sumar í salnum á 2. hæð. Seldur var matur, kaffi og meðlæti. Fimm ungir félagsmenn í Blindrafélaginu, þrír alblindir og tveir sjónskertir sáu um reksturinn ásamt tveimur starfsmönnum frá Hinu húsinu. Ótal margir gestir heimsóttu kaffihúsið og vakti þetta frábæra framtak ungmennana verðskuldaða athygli.

Þriðja árið í röð starfaði atvinnumálafulltrúi í endurhæfingarteymi með Katrínu Gunnarsdóttur starfsleiðbeinanda á Blindravinnustofu og Elínborgu Lárusdóttur, félagsráðgjafa á Sjónstöð Íslands. Fundir voru haldnir nokkuð reglulega á árinu.

Í ársbyrjun var ákveðið að atvinnumálafulltrúi sæi að mestu leiti um kynningarmál fyrir Blindrafélagið. Fræðsluerindi voru haldin í leikskólum, grunnskólum, hjúkrunar- og vistheimilum og í Ökuskólanum.

Um áramótin 2008/2009 breyttist starfssvið atvinnumálafulltrúa og ráðgjafi félagsins tók við atvinnumálunum. Atvinnuráðgjafi þakkar félagsmönnum og öðrum sem samskipti hafa verið við vegna starfsins á síðustu þremur árum ánægjulegt samstarf.

Norðurlandsdeild Blindrafélagsins

Starfið var með hefðbundnu sniði 2008.

Í janúar var haldið þorrablot. Borðaður indælis þorramatur frá Bautanum og sungin nokkur þorralög.

Í mars var haldinn kynningarfundur vegna ferðaþjónustu fyrir blinda og sjónskerta á Akureyri.

Á aðalfundi deildarinnar í maí var kjörin ný stjórn. Hana skipa: Halldór Sævar Guðbergsson formaður, Pálmi Stefánsson gjaldkeri og Karl Ásgeirsson.

Nýr formaður Blindrafélagsins Kristinn H. Einarsson kom á fund til okkar í september og spjallið við okkur um starfsemi félagsins o.fl.

Í desember var haldinn Jólafundur með hlaðborði frá Bautanum. Séra Arnaldur Bárðarson flutti hugvekjju og sungin voru Jólalög.

Skýrsla suðurlandsdeildar fyrir 2008 og fyrri hluta 2009

Fyrsti fundur ársins var haldinn þann 31. janúar. Á fundinn komu þeir Halldór Sævar Guðbergsson formaður Blindrafélagsins og Ólafur Haraldsson framkvæmdastjóri. Þeir greindu frá ýmsu sem er á döfinni hjá félaginu og urðu skemmtilegar umræður.

Febrúarfundurinn var haldinn þann 28. febrúar og var það aðalfundur. Stjórnin var endurkjörin og rætt um ferðaþjónustumál.

Marsfundurinn var haldinn þann 27. mars og kom Ágústa Gunnarsdóttir á fundinn og sýndi ýmis hjálpartæki sem léttu störf hins daglega lífs, þ.á.m. Daisy-spilara.

Aprílfundurinn bar upp á sumardaginn fyrsta og féll hann því niður.

Sögulegur fundur. Maí fundurinn var haldinn þann 29. Maí en þegar fundarmenn voru á leið sinni til fundarins skall Suðurlandsskjálftinn á. Tóku menn því með ró þar sem Rauðakrosshúsið er rammbýggt og gerðu menn sér ekki grein fyrir því að á heimilum þeirra var allt meira og minna í rúst. Hófst því fundarstörf og kaffidrykkja eins og ekkert hefði í skorist. Þegar leið á fór menn að gruna að eitthvað mikið var um að vera meðal annars vegna þess að símar virkuðu ekki.

Ákveðið að það þyrfti að breyta um vikudag fyrir fundina næsta vetur. Eftir að fundinum lauk, fór fólk að tínast heim. Tóku menn þá eftir því að lækna og björgunarmenn dreif að og hurfu inn í húsið og komu þeir út aftur hlaðnir tólum og tækjum og hurfu síðan á braut. Var þá ljóst að fólk átti ekki gott í vændum þegar heim kæmi. Þannig endaði veturinn 2007 til 2008.

Vetrarstarfið 2008 hófst svo í lok september og hafði þá fundardögum verið breytt. Eru fundir nú haldnir síðasta mánudag hvers mánaðar kl 16.00.

Á septemberfundinum var rætt um vetrarstarfið framundan. Nýir félagar voru kynntir og aðrir kvaddir þar sem þeir voru að flytja til Reykjavíkur.

Ljóst er að í vetur munu ferðamálin og baráttan fyrir aukinni ferðaþjónustu okkar Sunnlendinganna verða fyrirferðamikil.

Októberfundurinn var haldinn þann 27. Á fundinn kom Baldur Gylfason ráðgjafi og umferliskennari frá Sjónstöðinni og sagði frá nýju fyrirkomulagi og

vinnulagi og einnig sagði hann frá ýmsum tækjum og hvernig skipting yrði á næstunni á milli Sjónstöðvar og Blindrafélagsins varðandi hjálpartæki.

Hann verður tengiliður Sjónstöðvar og neytenda þjónustunnar. Rætt var um gildi þess fyrir fólk að sami tengiliður væri fyrir fólk sem býr í sama byggðarlagi.

Jólafundur var síðan haldinn 24. nóvember.

Á árinu 2009 hafa verið haldnir tveir fundir og stendur aðalfundur fyrir dyr-um. Fyrri fundurinn var haldinn 26. janúar og sá síðari 23. febrúar. Á þann fund mættu fulltrúar frá Strætó, formaður og framkvæmdastjóri Blindrafélagsins. Einnig kom formaður bæjarráðs Árborgar, Þorsteinn Guðmundsson á fundinn auk Guðlaugar Jónu, sviðsstjóra félagsmálasviðs í Árborg. Á fundinum var rætt var um ferðamál og möguleika blindra og sjónskertra til þess að ferðast með Strætó og einnig var mikið rætt um leigubílaakstur sem væri niðurgreiddur af bæjarfélögum. Skýrðu blindrafélagsmenn frá tilhögun þeirra mála í Reykjavík og rætt var um hvernig hægt væri að koma slíku á fyrir íbúa á Suðurlandi. Strætómenn skýrðu frá stöðunni og líkum á möguleikum blindra og sjónskertra til þess að nýta Strætó í borginni. Er ljóst að aðstaða í Mjódd er afar slæm fyrir okkur og að harla erfitt er að nýta framhaldsvagna nema í fáum tilvikum. Erfitt yrði að bæta aðstöðu í Mjódd svo hún yrði aðgengileg hvort sem um er að ræða að fara í Strætó eða taka leigubíl. Hugsanlega mætti veita leigubílum leyfi til þess að fara inn á stoppistöð vagns nr. 51 (Selfoss-Hveragerði). En þá þarf notandinn að vera búinn að hringja á leigubílinn áður en hann yfirgefur vagninn. Þetta var góður fundur og var ákveðið að senda bréf til bæjarstjórnar Árborgar varðandi umsókn um niðurgreiðslu á leigubílum.

19. mars héldum við kynningu hjá Félagi aldraðra á Selfossi. Kynntum við þar deildina okkar og starfsemi Blindrafélagsins og PPM eða miklu fremur um muninn á þessum stofnunum. Einnig sýndum við hjálpartæki okkar og sögðum frá sjóntækjum og hvar þessi gögn fást. Á þennan fund mættu um það bil hundrað manns og að minnsta kosti tveir voru í mikilli þörf fyrir þjónustu. Margar spurningar sem við áttum ekki gott með að svara komu fram.

RP deild

Fremur rólegt var um almennt starf RP deildarinnar á árinu. Farið var á ráðstefnu Retina International í Helsinki í júní 2008. Þar var á ferðinni mjög

merkileg ráðstefna þar sem merkir rannsóknaráfangar voru kynntir. Kristinn Halldór Einarsson, formaður félagsins, gerði ítarlega grein fyrir ráðstefnunni og má lesa greinagerðina inn á heimasíðu Blindrafélagsins.

Kvennadeild

Kvennadeild Blindrafélagsins hefur nú starfað í ein 5 ár. Á þessum 5 árum höfum við gert ýmislegt og haft gaman af.

Á síðasta starfsári fengum við til okkar kynferðisafbrotufræðing. Svo fengum við kynningu á hjálpartækjum ástarlífsins og áttum notanlegt kvöld með jólasögum ostum og rauðvíni. Einnig var sölusýning á sérsaumuðum ullarfatnaði. Hláturjoga var kynnt í janúar. Í febrúar kom Margrét Pála Ólafsdóttir til okkar. Hún sagði okkur frá nýrri bók sinni og las upp úr henni. Margrét Pála er þekkt baráttumanneskja samkynhneigðra. Vakti þessi fundur margar spurningar. Í lok fundarins var sölusýning á fatnaði frá Friendtex.

Í mars komu konur sem fóru á myndlistarnámskeið með myndir sínar til sýnis og sýndu þeim sem ekki treystu sér vegna sjónskerðingar, að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi.

Á aðalfund okkar nú í apríl kemur Guðbjörg Thoroddsen leikkona sem skrifað hefur bók um sjálfstyrkingu og fræðir okkur um innri styrk. Og að vanda förum við út að borða í maí.

Í október fóru 3 konur til Danmerkur á NKK ráðstefnu sem fjallaði um herkænsku og lobbýisma. Voru þetta langar og strangar fundarsetur á of skömmum tíma. NKK fundir eru haldnir tvisvar á ári og yfirleitt samhangandi með NSK fundum formanna norrænu Blindrafélaganna.

Stjórn Kvennadeildarinnar

Ungblind, Ungmennadeild Blindrafélagsins

Í þessari skýrslu er greint frá því helsta sem Ungblind tók sér fyrir hendur 2008 og reynt að gera því sem skýrust skil.

Á aðalfundi Ungblindar í febrúar 2008 voru samþykktar breytingar á stjórn deildarinnar. Í staðinn fyrir þrjá aðalstjórnarmenn og tvo til vara urðu aðalmenn 5 og engir í varastjórn. Í stjórn voru kjörin: Eyþór Þrastarson, formaður, Linda Ósk varaformaður Guðfinnur Karlsson ritari, Hlynur Þór Agnarson gjaldkeri og Bergvin Oddsson meðstjórnandi.

Fyrri hluta ársins voru haldnir nokkrir fundir ýmist á kaffihúsum eða í Hamrahlíð 17. Þar var mest áhersla lögð á að hittast og hafa það skemmtilegt. Einnig var farið í keilu nokkrum sinnum.

Sumarstarfið: Blint kaffihús tók við í byrjun júní. Það var til húsa í sal Blindrafélagsins í Hamrahlíð 17. Verkefnið var hugsað sem skapandi sumarstarf og var í samstarfi við Hitt húsið sem útvegaði tvo starfsmenn. Einnig styrkti Bensínorkan kaffihúsið um 200.000 kr.

Kaffihúsið gekk að mestu leyti mjög vel þrátt fyrir að lokað hafi verið viku á undan áætlun, en það lokaði 12. júlí í stað þess 19. Kaffihúsið kom fjárhagslega þannig út að í lokauppgjöri stóðu eftir í sjóði 100.000 kr. en byrjunarupphæðin var 200.000 kr.

Á haustmánuðum var ekki mikið gert annað en halda fundi og hittast á kaffihúsum. Í nóvember var þó farið í sumarbústað á Blönduósi eina helgi og lífsins notið í snjónum.

Þann 15. nóvember tók Ungblind svo þátt í skemmtikvöldi hjá Hinu húsinu.

Tómstundanefnd

Á vegumtómstundarnefndar voru haldin 2 leirnámskeið, 2 handavinnunámskeið, 1 myndlistarnámskeið og 4 bingó.

Ferðanefnd

Í ferðanefnd sitja Aldís Magnúsdóttir, Brynja Arthúrsdóttir, Óli Þór Baldvinsson og Steinunn Hákonardóttir.

Síðastliðinn vetur skipulagði ferðanefnd Blindrafélagsins hálf mánaðar ferð til Tenerife.

Lagt var af stað í ferðina 9. apríl og komið aftur til landsins 23. apríl.

29 manna hópur, blindir, sjónskertir og fylgdarmenn nutu lífsins í sól og fögru umhverfi.

Ferðin lukkaðist mjög vel og allir komu glaðir heim.

Skemmtinefnd

Starfsár skemmtinefndar Blindrafélagsins árið 2008 var með hefðbundnu sniði.

Staðið var fyrir þorrablóti sem heppnaðist mjög vel og var mjög góð þátttaka. Þar sungu menn sig hása og stóð fjörið langt fram eftir.

Því miður er ekki hægt að segja sömu sögu af jólahlaðborði Blindrafélagsins, enn lítil þátttaka var þetta árið. Ákveðið var að blása jólahlaðborðið af sökum ónógrar þátttöku.

Í stjórn skemmtinefndar voru skipaðir á aðalfundi Blindrafélagsins í maí 2008 þau Bergvin Oddsson, Sigurjón Einarsson, Grímur Þóroddsson, Jóna Garðarsdóttir, Jóna Gísladóttir og Inga Sæland. Bergvin Oddsson var skipaður formaður nefndarinnar.

Bókmenntaklúbbur Blindrafélagsins veturinn 2008 – 2009

Átta til tíu manna hópur hittist reglulega á hálfsmánaðar fresti í vetur. Lesnar voru sex ólíkar bækur. Mæting var ágæt og átti hópurinn margar skemmtilegar samveru- og samræðustundir.

Sem fyrr voru sérlega góð samskipti við Blindrabókasafn Íslands og ekkert vandamál var að fá bækur með skömmum fyrirvara hvort sem um var að ræða gamlar eða nýjar bækur á Daisy formi.

Opið hús

Opið hús er fastur þáttur í félagslífi Blindrafélagsins og er ávallt vel sótt. Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap og eiga samverustundir með skemmtilegu fólki. Reyndin hefur orðið sú að stærstur hluti gesta opna hússins er eldra fólk, en þó mæta menn þangað á ýmsum aldri.

Opið hús var með hefðbundnu sniði síðastliðið starfsár líkt og undanfarin ár. Á þriðjudögum hófst það kl. 11.00 árdegis og stóð til kl. 14.00. Í hádeginu gátu gestir keypt sér súpu og brauð á vægu verði og dagskráin hélt svo áfram til kl. 14.00. Á fimmtudögum hófst opna húsið kl. 13.00 og stóð til kl. 15.00. Gert var kaffihlé og gátu gestir þá keypt sér kaffibolla og meðlæti gegn vægu verði.

Umsjónarmenn opna hússins voru, Jón Júlíusson, Guðrún Ásmundóttir, Jón Hjartarson, og Jónína H Jónsdóttir. Tengiliður var Steinunn Hákonardóttir.

Vetrarstarfi opna hússins lauk með ferðalagi síðastliðið vor eins og undanfarin ár og voru fararstjórar ferðarinnar þau Jón Júlíusson og Steinunn Hákonardóttir.

Farið var um Reykjanes með viðkomu í fjölskylduhúsi Ólafs Þórs Jónssonar á Vatnsleysuströnd þar sem boðið var upp á léttar veitingar. Skoðað var Sjóminjasafnið í Keflavík (Duushús). Ekið var að Garðskagavita og síðdegiskaffi drukkið í Sandgerði. Þá var Hvalsneskirkja skoðuð og sögð saga kirkjunnar. Ekið var í gegn um Hafnir að Reykjanesvita og stansað þar í sól og blíðu. Skoðuð voru flekaskil „Ameríku og Evrópu“ og gengið yfir brúna þar á milli. Kvöldverður var snæddur í Bláa lóninu en síðan ekið heim á leið í sólskini og við mikinn söng og gleði.

Opið hús á laugardögum

Fjórða starfsár opna hússins á laugardögum hófst um haustið 2008, en starfsemi þess hefur sífellt notið meiri vinsælda. Opið hús á laugardögum er haldið mánaðarlega og hefst það kl. 11.00 með fyrirlestri í hvert skipti. Leitast er við að hann sé bæði fræðandi og skemmtilegur. Kl. 12.00 er ávallt framreiddur heitur matur. Eftir matarhlé leika listamenn tónlist til kl. 14.00.

Í vetur hafa margir góðir fyrirlesarar glatt gesti. Má þar nefna Eiríksínu K. Ásgrímsdóttur kennara og bókmenntafræðing, Kristínu Sjöfn Valgeirsdóttur jógakennara, Sigurð Pálsson rithöfund og fleiri.

Í vetur hefur Steinunn Hákonardóttir félagsmálafulltrúi Blindrafélagsins séð um opna húsið á laugardögum.

Blindravinnustofan

Markmiðið með rekstri Blindravinnustofunnar ehf er að blindir og sjónskertir hafi atvinnu, fái þjálfun og endurhæfingu við hæfi hvers og eins. Reksturinn samanstendur af innflutningi, heild- og smásölu ræstingar- og hreingerningaráhalda ásamt fjölbreyttri þökkunarstarfsemi.

Starfsemin er fólgin í að pakka hreingerningaráhöldum og ræstingarvörum ýmis konar sem seldar eru einkum í matvöruverslanir. Auk þess felst starfsemin í útseldri þökkunarstarfsemi. Dagleg störf starfsmanna Blindravinnustofunnar felst því í samsetningu, talningu, merkingu og þökkun hluta. Því miður hefur þökkunarvinna fyrir aðra nánast alveg lagst niður í kjölfar efnahagshruns á Íslandi.

Reksturinn gekk vel samkvæmt áætlun og varð hagnaður af starfsemi Blindravinnustofunnar fimmta árið í röð. Sala vara Blindravinnustofunnar hefur dregist þó nokkuð saman í kreppunni en gleðilegt er að salan hjá stærsta viðskiptavini vinnustofunnar, Bónus, dregst þó ekki nema óverulega saman.

Starfsmannamál

Í byrjun maí mánaðar dó Fjóla Björk Sigurðardóttir eftir stutt veikindi. Mikil eftirsjá er af Fjólu en hún var sérstaklega góður félagi og vel liðin af öllum starfsmönnum en hún hafði starfað á vinnustofunni í rúm 20 ár og var með lengstan starfsaldur allra starfsmanna Blindravinnustofunnar. Blessuð sé minning Fjólu.

Í október fóru starfsmenn Blindravinnustofunnar saman út að borða á Kringlukrána og síðan í Borgarleikhúsið að sjá söngleikinn Fólkið í blokkinni. Leikhúsferðin tókst með miklum ágætum og var gerður að henni góður rómur.

Afmæli mánaðarins eru fastur punktur í lífi starfsmanna vinnustofunnar. Einu sinni í mánuði eru keyptar kökur og starfsfólk heldur upp á afmæli þeirra sem eiga afmæli í viðkomandi mánuði.

Tveir sumarstarfsmenn voru ráðnir í vinnu sumarlangt. Starfsmannafjöldi vinnustofunnar telur nú 27 manns, þar af eru 24 blindir, sjónskertir og/eða með aðrar fatlanir. Að auki starfa fjórir dreifingaraðilar fyrir Blindravinnustofuna úti á landsbyggðinni.

Nýir og fyrrverandi söluaðilar

Vörur Blindravinnustofunnar hafa verið seldar í verslunum Bónuss frá opnun þeirrar verslunar. Bónus er stærsti viðskiptavinur vinnustofunnar. Vörurnar eru einnig seldar í Hagkaupum, 10-11, 11-11, Nóatúni og Húsasmiðjunni.

Stjórn Blindravinnustofunnar

Stjórn Blindravinnustofunnar skipa Guðmundur Rafn Bjarnason formaður, Þorsteinn Jóhannsson ritari, Kristinn Halldór Einarsson, Olga Björg Jónsdóttir og Hanna Björg Sigurjónsdóttir. Úr stjórn fór Jón Heiðar Daðason sem setið hefur í stjórninni um árabíl. Honum eru færðar þakkir fyrir starf sitt fyrir Blindravinnustofuna. Framkvæmdastjóri Blindravinnustofunnar er Margrét Gunnarsdóttir viðskiptafræðingur.

Velta ársins 2008 var tæplega 122 milljónir og hagnaður var rúmlega 11 milljónir. Velta ársins 2007 var rúm 121 milljón og hagnaður rúmar 17 milljónir.

Ársskýrsla kennsluráðgjafa apríl 2008 – desember 2008

Blindrafélagið tók að sér að hýsa fjóra kennsluráðgjafa fyrir blindi og sjónskerta nemendur frá 1. september 2007 til áramótanna 2008/2009, en þá tók Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindi, sjónskerta og daufblinda einstaklinga til starfa og tók ríkið þá að sér rekstur kennsluráðgjafarinnar.

Hlutverk kennsluráðgjafanna er að veita blindum og sjónskertum nemendum sérkennslu, kennurum fræðslu og ráðgjöf og fjölskyldum fræðslu og stuðning.

Í lok júlímánaðar var stórt skarð höggvið í starfsemi kennsluráðgjafarinnar þegar Helga Einarsdóttir féll frá, en hún hafði leitt starfsemina frá upphafi og verið aðal skipuleggjandi ráðgjafarinnar.

Í septembermánuði hóf Bylgja Gunnarsdóttir nám í sérkennslu fyrir blinda og sjónskerta nemendur við University of Birmingham og hóf hún jafnframt störf við kennsluráðgjöfina. Auk hennar störfuðu við kennsluráðgjöfina þær Elfa Hermannsdóttir, Ingunn Hallgrímsdóttir og Ágústa Gunnarsdóttir.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á tímabilinu og hefur fjöldi nemenda sem notfæra sér þjónustuna farið úr 68 í 80 á tæpu ári og eru nemendur búsettir í öllum landshlutum. Þarfir nemenda eru ólíkar eftir aldri og stöðu hvers og eins. Kennsluráðgjöfin hefur miðast mikið við lestrarkennslu og stuðning vegna lestrarörðugleika, en sumir nemendur lesa punktaletur og aðrir stækkað letur. Námstækni er einnig stór þáttur í sérkennslu blindra og sjónskertra nemenda og stuðningur vegna félagslegrar stöðu. Stór þáttur kennsluráðgjafarinnar felst í ráðgjöf við val á námsefni og aðlögun náms- efnis, auk þess sem ráðgjöf við kennara sem leiðbeina eiga nemendum er fyrirferðarmikill þáttur starfsins. Við stofnun Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, síðastliðin áramót, fluttist framleiðsla náms- og afþreyingarefnis á punktalettri og svartlettri frá Blindrabókasafni Íslands til hinnar nýju miðstöðvar. Auðveldar sú tilhögun til muna allt samstarf um framleiðslu á bókum á punktalettri og stækkuðu lettri. Mikil þörf er á fræðslu um sjónskerðingu almennt í samfélaginu og ekki síst til þeirra sem semja og framleiða námsefni fyrir grunnskóla, t.d. Námsgagnastofnunnar og fleiri. Ýmis námsgögn eru sett fram á afar myndrænan og óaðgengilegan hátt, s.s. námsefni í stærðfræði. Þá er mikil þörf á almennri fræðslu innan skólanna og lögð hefur verið áhersla á að bjóða þeim skólum fræðslu þar sem blindir og sjónskertir nemendur stunda nám.

Á haustmánuðum komu þau tilmæli frá Menntamálaráðuneytinu að kennsluráðgjafar skyldu innheimta gjald, samkvæmt gjaldskrá, af sveitarfélögum landsins fyrir þá þjónustu sem kennsluráðgjöfin veitti til leik- og grunnskóla. Sá Blindrafélagið um þessa innheimtu samkvæmt verkskýrslum sem kennsluráðgjafar gerðu í lok hvers mánaðar.

Innheimtan var mjög tefjandi og varð til þess að kennsluráðgjafarnir áttu alls ekki jafn greiðan aðgang að sérkennslu til nemenda og ráðgjöf við kennara og starfsfólk skólanna.

Síðastliðinn vetur hittu kennsluráðgjafar reglulega nokkra foreldra blindra og sjónskertra barna til að ræða væntingar þeirra til starfsemi ráðgjafarinnar og hugmyndir þeirra um sérkennslu og ráðgjöf við börnin og kennara

þeirra í framtíðinni. Einnig voru almennt ræddar hugmyndir um starfsemi væntanlegrar þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar.

Í aprílmánuði 2008 var haldið námskeið fyrir kennara sem kenna sjónskertum nemendum á aldrinum 6 – 9 ára í Hafnarfirði. Námskeiðið var samstarfsverkefni með skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Í júnímánuði 2008 var haldið námskeið fyrir foreldra sjónskertra barna og börnin sjálf. Foreldranámskeiðið fólst í umræðum um viðhorf og aðstæður barnanna, en á meðan útbjuggu börnin hádegisverð fyrir foreldra sína og settu upp litla leiksýningu sem þau sýndu að loknu námskeiðinu.

Í nóvembermánuði var haldið 8 klst. námskeið fyrir kennara og foreldra barna sem voru að hefja nám í punktalettri. Námskeiðið fólst í kynningu á punktalettrinu og þátttakendur fengu grunnfræðslu í lestri og skrift letursins.

Gildi námskeiða sem þessara hefur sannað sig. Auk þess sem kennarar læra efni námskeiðanna kynnast þeir öðrum kennurum sem kenna blindum og sjónskertum nemendum og geta borið saman reynslu sína.

Auk námskeiða hefur verið boðið upp á fræðslufyrirlestra um blindu og sjónskerðingu og hafa þeir flestir verið haldnir fyrir starfsfólk skóla. Mikil uppbygging hefur átt sér stað en mikið er óunnið. Eitt af stærstu verkefnum framundan felst í útgáfu fræðslu- og kynningarefnis og kennsluleiðbeininga fyrir almenna kennara.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Hinn 1. janúar síðastliðinn tók til starfa ný þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Hin nýja miðstöð er til húsa á fimmtu hæð í Hamrahlíð 17 í Reykjavík í húsi Blindrafélagsins. Miðstöðin starfar samkvæmt lögum nr. 160 frá árinu 2008 og heyrir undir félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Markmið starfseminnar er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða daufblindir til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds,

virkra tómstunda og atvinnuþátttöku. Í því skyni sinnir miðstöðin ráðgjöf, hæfingu og endurhæfingu, auk þess að afla og miðla þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum. Stefna miðstöðvarinnar er að veita jafna þjónustu um allt land og sinna öllum notendum, aðstandendum og fagfólki alls staðar á landinu.

Miðstöðinni er ætlað að hafa yfirsýn yfir aðstæður þeirra sem eru blindir eða sjónskertir og gegna samhæfingarhlutverki gagnvart öðrum sem veita umræddum notendum þjónustu. Miðstöðin þjónustar jafnframt daufblinda í samstarfi við aðra þjónustuaðila. Hún sinnir einnig fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við aðstandendur, skóla og aðrar þjónustustofnanir.

Helstu hlutverk miðstöðvarinnar eru greining, mat, ráðgjöf, kennsla og yfirfærsla efnis. Einnig er gerð greining á þörf fyrir hæfingu og endurhæfingu. Hjá miðstöðinni fer jafnframt fram stafrænt mat, sjónmat og mat á þörf og úthlutun sérhæfðra hjálpartækja sem ekki er úthlutað á vegum Tryggingastofnunnar eða Heyrnar- og talmeinstöðvar.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin veitir stuðning við nám á öllum skólastigum. Miðstöðin sér jafnframt um yfirfærslu efnis vegna náms, tómstunda eða starfs af svartlettri yfir á punktaletur, stækkað letur, þreifiefni eða stafrænt form annað en hljóðbækur. Þá sér miðstöðin einnig um punktaleturskennslu, umferliskennslu, kennslu í sjónbeitingu og í notkun hjálpartækja.

Meðal þeirrar þjónustu sem miðstöðin veitir er umferliskennsla en þar er meðal annars veittur stuðningur við sjálfstæði í búsetu, þjálfun í athöfnum daglegs lífs, stuðningur við atvinnuþátttöku og aðstoð vegna aðlögunar á nýjum vinnustað, t.d. varðandi umhverfi, umferlismál, hjálpartæki og fræðslu til samstarfsfólks. Jafnframt veitir miðstöðin ráðgjöf um umhverfi, lýsingu og aðgengi. Miðstöðin veitir einnig sálfræði- og félagsráðgjöf og veitir þjálfun í félagsfærni og sjálfsstyrkingu.

Málefni daufblindra hafa ekki verið á einum stað þar til núna og það er stefna miðstöðvarinnar að sinna þessum hópi eins vel og auðið er og í nánu samstarfi við aðrar stofnanir. Gerð þjónustuáætlunar fyrir daufblinda er í undirbúningi og gert er ráð fyrir að hægt verði að kynna hana innan skamms.

Miðstöðin mun sinna þekkingarhlutverki sínu í gegnum ýmis konar námskeiðhald sem hefst seinna á árinu. Jafnframt munum við taka þátt í rann-

sóknum og þróunarverkefnum sem hafa það að markmiði að meta aðstæður blindra, sjónskertra og daufblindra og bæta stöðu þeirra.

Hjá miðstöðinni starfa rúmlega 20 manns í ýmsum sérfræðistörfum svo sem við kennsluráðgjöf, umferliskennslu, sjónfræði og gerð lesefnis en einnig starfar hjá miðstöðinni augnlæknir. Heimasíða miðstöðvarinnar er www.midstod.is og þar er að finna ýmis konar fræðsluefni, fagorðalista og frekari upplýsingar um miðstöðina sem við hvetjum alla til að kynna sér.

Huld Magnúsdóttir

Daufblindrafélag Íslands – Ársskýrsla 2008 – 2009

Daufblindrafélag Íslands hefur aðsetur að Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík. Daufblindrafélag Íslands var stofnað þann 15. mars 1994. Tilgangur með stofnun félagsins var og er að vinna að hagsmuna- og menningarmálum daufblindra fólks. Helsta ástæða fyrir stofnun félagsins var sú að enginn einn aðili í stjórnkerfinu bar ábyrgð á málefnum daufblindra einstaklinga. Samkvæmt lögum Daufblindrafélagsins er það opið öllum daufblindum einstaklingum á Íslandi.

Stjórn Daufblindrafélags Íslands

Á aðalfundi þann 18. apríl 2008 átti, samkvæmt lögum félagsins, að kjósa varaformann, einn úr hópi aðalfélaga Daufblindrafélagsins, einn úr hópi styrktarfélaga þess og einn varamann stjórnar.

Svanhildur Anna Sveinsdóttir var kjörin varaformaður, Friðgeir Jóhannesson var kjörinn úr hópi aðalfélaga, Ágústa Gunnarsdóttir var kjörin úr hópi styrktarfélaga og Bryndís Snæbjörnsdóttir var kjörin til setu í varastjórn.

Allir þessir einstaklingar voru kjörnir til tveggja ára.

Stjórn DBFÍ skipuðu þá:

Guðlaug Erlendsdóttir formaður, Svanhildur Anna Sveinsdóttir varaformaður, Margrét Ríkarðsdóttir ritari, Friðgeir Jóhannesson meðstjórnandi og Ágústa Gunnarsdóttir gjaldkeri. Til vara voru þær Bryndís Snæbjörnsdóttir og Kristjana Garðarsdóttir.

Pórey Vigdís Ólafsdóttir daufblindraráðgjafi var fulltrúi DBFÍ í stjórn ÖBÍ, en eftir að hún lét af störfum tók Friðjón Erlendsson, sem verið hafði vara-fulltrúi í stjórn ÖBÍ, sæti hennar.

Í október sl. urðu talsverðar breytingar á stjórn DBFÍ. Þá sagði Guðlaug Erlendsdóttir af sér sem formaður og Svanhildur Anna Sveinsdóttir tók við formannssætinu. Bryndís Snæbjörnsdóttir varamaður kom þá inn í stjórn DBFÍ og tók sæti varaformanns.

Aðalfundur

Þann 18. apríl 2008 var haldinn aðalfundur félagsins og tókst hann í alla staði vel.

Venja hefur skapast um að daginn eftir aðalfund fari félagsmenn ásamt ættingjum og vinum í dagsferð; „vorferðalag“. Að þessu sinni var vorferðalagið fellt niður í ljósi þeirra aðstæðna að einn af félagsmönnum Daufblindrafélagsins, Fjóla Björk Sigurðardóttir, lá mikið veik á sjúkrahúsi. Fjóla Björk Sigurðardóttir lést að morgni þann 3. maí 2008. Hún hafði verið aðalfélagi Daufblindrafélagsins frá upphafi og ætíð verið virk í starfi þess ásamt fjölskyldu sinni. Hún sat m.a. í varastjórn félagsins um tíma og tók þátt í flestum þeim viðburðum sem félagið stóð fyrir – mætti t.d. nær undantekningarlaust á alla aðalfundi þess frá upphafi.

Félagið þakkar Fjólu Björk samfylgdina og störf hennar í gegnum árin og fjölskyldu hennar fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Stjórnarfundir

Á starfsárinu voru haldnir 11 stjórnarfundir, þar af voru 3 þeirra símafundir.

Starfsmannamál

Þann 21. október sl. sagði stjórn Daufblindrafélagsins starfsmanni, Póreyju Vigdísí Ólafsdóttur, upp störfum og lét hún af störfum samdægurs. Pórey hafði starfað sem daufblindraráðgjafi frá árinu 2004. Hún starfaði í 50% starfshlutfalli frá upphafi og til 1. júní 2008, en þá ákvað stjórn að hækka starfshlutfall hennar upp í 75%. Póreyju eru þökkuð störf fyrir félagið.

Þann 1. apríl sl. réð stjórn félagsins Hafdísí Maríu Tryggvadóttur í starf daufblindraráðgjafa í 50% starfshlutfall. Hafdís mun, á næstu vikum, ljúka námi í táknmálsfræði frá H.Í. Hún er boðin velkomin til starfa.

Þá mánuði sem enginn starfsmaður var við störf hjá félaginu sáu stjórnarmenn um daglegan rekstur þess, s.s. að sinna fjáröflun (sölu dagbóka), greiða reikninga o.þ.h. Starfsemin var með minnsta móti þá mánuði og var t.d. engin þjónusta við félagsmenn eða aðstandendur þeirra á meðan.

Félagsfundur

Þann 31. janúar 2009 boðaði stjórn til almenns félagsfundar í Daufblindrafélaginu. Tilgangur fundarins var m.a. að upplýsa félagsmenn um gang mála hjá félaginu, s.s. ástæður uppsagnar starfsmanns og fjárhagsstöðu félagsins. Á fundinn mætti Gunnar Erlingsson löggiltur endurskoðandi og gerði grein fyrir rekstrarreikningi og efnahagsreikningi ársins 2008.

Þá stjórnaði Hrönn Pétursdóttir vinnu á fundinum sem miðaði að því að fundarmenn settu fram þau atriði sem þeir teldu félagið eiga að vinna að á næstu árum. Fundarmenn skiptu sér upp í tvo hópa og átti hvor hópur um sig að gera lista yfir þau atriði sem þeir teldu nauðsynlegt að vinna að í framtíðinni. Meðal þeirra atriða sem fjallað var um voru:

- Félagsvitund félagsmanna
- Réttindabarátta
- Kynning og fræðsla um félagið og fötlunina
- Erlend og innlend samskipti

Í lok fundar skiluðu báðir hópar niðurstöðum sínum og kynntu þær fyrir öðrum fundarmönnum.

Niðurstöður fundarins mun stjórn nota til að móta starfsáætlun fyrir félagið.

Fundurinn var afar vel sóttur og tókst í alla staði vel.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Þann 18. desember sl. voru samþykkt frá Alþingi lög um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Miðstöðin tók til starfa þann 1. janúar sl. og óhætt er að fullyrða að með samþykkt ofangreindra laga og stofnun miðstöðvarinnar hafi verið stigið stórt framfaraskref í málefnum daufblinds fólks á Íslandi.

Með samþykkt laganna var daufblinda í fyrsta sinn skilgreind sem sérstök fötlun á Íslandi auk þess sem þjónusta við daufblint fólk var í fyrsta sinn lögfest.

Fyrrum starfsmaður félagsins, Þórey Vigdís Ólafsdóttir, hafði, fyrir hönd félagsins, átt sæti í undirbúningsnefnd sem vann að mótun laganna og miðstöðvarinnar fram á sumarið 2008.

Í júnímánuði árið 2008 fór fram tveggja daga vinna þar sem málefni daufblinds fólks og þjónustuhlutverk hinnar nýju miðstöðvar gagnvart daufblindu fólki var sérstaklega rædd. Þann fund sátu fulltrúar þeirra stofnana sem mest hafa þjónustað daufblint fólk, s.s. fulltrúi Heyrnar- og talmeina-
stöðvar Íslands, fulltrúi Sjónstöðvar Íslands, fulltrúi Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og fleiri. Einnig sátu hann fulltrúar ráðuneyta. Niðurstaða þeirrar vinnu voru tillögur að tilhögun á framtíðarþjónustu hins opinbera við daufblint fólk á Íslandi. Í þeim tillögum kom m.a. fram að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra skyldi bera ábyrgð á samhæfingarhlutverki því sem Þjónustu- og þekkingarmiðstöð ber ábyrgð á gagnvart blindu og sjónskertu fólki. Menn voru sammála um að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefði meiri forsendur til að bera ábyrgð á því hlutverki þar sem þar væri helst að finna góða þekkingu á samskiptaleiðum daufblinds fólks. Í samhæfingarhlutverkinu felst m.a. samræming á þjónustu hinna ýmsu stofnana við daufblint fólk á Íslandi.

Tillögur þessar fóru til Félagsmálaráðuneytisins og bíða þar nú frekari úrvinnslu.

Erlend samskipti

Félagið hélt uppi tölvupóstsamskiptum við erlenda samstarfsaðila á árinu, en sótti engar ráðstefnur eða fundi erlendis.

Hinn árlegi formannafundur var haldinn í Noregi síðastliðið haust, en félagið átti þess ekki kost að senda þangað fulltrúa sinn.

Norrænn formannafundur verður haldinn á Íslandi í september 2009 og vinnur stjórn nú, ásamt Sigurjóni Einarssyni, að undirbúningi og skipulagningu hans. Sigurjón var sérstaklega ráðinn til að vera stjórn innan handar vegna fundarins.

Norræn rannsókn á högum daufblinds fólks á Norðurlöndunum

Þýðing á niðurstöðum rannsóknarinnar yfir á íslensku lauk á síðastliðnu ári, en Íslendingar voru þátttakendur í rannsókninni. Stefnt er að því að gefa niðurstöðurnar út á næstu mánuðum.

Fjáröflun og rekstur

Á haustmánuðum stóð félagið fyrir hinni árlegu dagbókasölu og gekk hún vel, sérstaklega ef miðað er við fjárhagslegt árferði á Íslandi.

Um 1.400 bækur seldust og þó innheimta hafi farið hægt af stað er óhætt að segja að salan hafi skilað sér vel.

Félagið hefur nokkurn fjárhagslegan ávinning af sölunni, en hún er ekki síður til kynningar á félaginu. Í gegnum árin hefur myndast hópur fyrirtækja og stofnana sem kaupa dagbókina á hverju ári og gaman er að fá upphringingar frá gömlum viðskiptavinum sem, af einhverjum ástæðum, hafa fallið út af lista yfir þá sem hringt var í.

Daufblindrafélagið naut margra góðra styrkja á starfsárinu og ber að þakka þeim fjölmörgu sem styrktu félagið með einhverjum hætti.

Skal hér sérstaklega nefna Kiwanisklúbbinn Eldey, Alcoa Fjarðarál sf, Menningarsjóð Visa, Öryrkjabandalag Íslands og Blindrafélagið.

Félagið styrkti einn félagsmann til viku dvalar í sumarbúðum fyrir daufblint fólk í Ungverjalandi síðastliðið sumar.

Í ársreikningi félagsins fyrir árið 2008 má sjá að tap ársins voru 970.266 kr. og að handbært fé hefur lækkað úr 8.793.661 kr. í ársbyrjun 2008 í 3.200.884 kr. í árslok eða um 5.592.777 kr.

Ljóst er að bregðast þarf við þessari þróun og það verkefni bíður stjórnar á næsta starfsári að efla fjáröflun og styrkja fjárhagstöðu félagsins.

Ágústa Gunnarsdóttir tók saman.

Heimsping World Blind Union

Á 7. þingi World Blind Union, sem fram fór í Genf daganna 18 – 23. ágúst, kom meðal annars fram að markmiðið með heimspinginu er að ná samkomulagi um ályktanir sem er hægt að hrinda í framkvæmd og að þær hafi það í för með sér að breytingar verði á því hvað það merkir að vera blindur eða sjónskertur og að blindir og sjónskertir geti fengið sinn réttláta sess í samfélaginu.

Yfir 600 aðalfulltrúar voru á þinginu og voru 40% atkvæða í höndum kvenna, en WBU hefur lagt mikla áherslu á að jafna þátttöku kynjanna í starfi aðildarfélaga sinna og samtakanna. Til dæmis þá var haldin sérstök kvennaráðstefna á undan þinginu.

Í skýrslu William Rowland fráfarandi forseta WBU frá S-Afríku, og umræðum um skýrsluna, báru þessi mál hæst:

Mikilvægi Sáttmála SP um réttindi fatlaðar og að aðildarsamtökin noti sáttmálann til að berjast fyrir og tryggja réttinda blindra og sjónskertra. Mikilvægt væri að aðildarfélög í löndum sem ekki hefðu skrifað undir eða staðfest sáttmálann ynnu að því að fá það gert.

Komandi 200 ára afmæli Louis Braille á árinu 2009 og mikilvægi blindraleturs var mikið rætt. Fulltrúar þróunarlandanna voru virkir í þeirri umræðu og bentu m.a. á að vegna lítils öryggis með rafmagn þá kæmi ný tækni ekki af sömu notum og í þróaðri löndum. Að mati þeirra sem tóku til máls þá er mikilvægi blindraleturs síst að minnka þrátt fyrir að ný tækni sé mörgum blindraleturs notendum hjálpleg. Fulltrúar frá þróunarlöndunum lögðu áherslu á alþjóðlegt átak í tengslum við 200 ára afmæli Louis Braille.

Vinnuhópur um málefni sjónskertra hefur verið starfandi innan WBU. M.a. benti forsetinn á það í máli sínu að huga þyrfti að stöðu sjónskertra innan WBU, en sjónskertir eru þrisvar sinnum fleiri en blindir. Málefni blindra hafi hins vegar oft borið mun hærra en málefni sjónskertra.

WBU er aðili að verkefnum sem hafa það að markmiði að gefa öllum blindum og sjónskertum börnum í heiminum aðgang að menntun. Í dag eru 90% allra blindra og sjónskertra barna án aðgangs að menntun. Blindir og

sjónskertir hafa ekki aðgang að 95% alls útgefins prentefnis, vegna þess á hvað formi útgáfan er. WBU vinnur að því að breyta þessu í verkefni sem kallast „Book famine“.

Nokkur órói og umræða var um nýtt félagsgjaldakerfi fyrir WBU. Tillagan sem lá fyrir þinginu gat haft það í för með sér að lítil og févana samtök og samtök frá smárikjum áttu það á hættu að fara illa út úr nýju fyrirkomulagi. Ísland hafði frumkvæði að því að vekja athygli á málinu auk þess sem heildarsamtökin í S-Ameríku lýstu mikill óánægju. Í samvinnu við samtök frá Hollandi, Þýskalandi og Möltu flutti Ísland tillögu sem átti að taka tillit til þeirra óánægjusjónarmiða sem fram höfðu komið. Tillagan var samþykkt, þó óvissa sé um hvort hún var samþykkt í heild sinni eða að hluta vegna mikils ruglings við atkvæðagreiðslu.

Á þinginu voru flutt nokkur áhugaverð ávörp sem tengdust þema þingsins. Meðal þeirra sem töluðu voru: Ms Kyung-what KANG, Deputy High Commissioner for Human Rights OHCHR og Marc Maurer, bandarískur mannréttindalögfræðingur og aðgerðarsinni sem hefur verið blindur frá fæðingu, Don Makay, sendiherra og Larry Campbell, President International Council for Education of People with Visual Impairment (ICEVI).

Á þinginu var kosin ný stjórn samtakanna. Nýr forseti WBU er Maryanne Diamond frá Ástralíu. Arnt Holt frá Noregi var kosinn 1. varaforseti.

Seinustu daga þingsins var síðan kynning og sýning á ýmsum hjálpartækjum fyrir blinda og sjónskerta.

Þingið var vel skipulagt, eins og við er að búast þegar Svisslendingar eiga í hlut. Ráðstefnuhöllin sem þingið fór fram í var hinsvegar bagaleg út frá sjónarhóli sjónskertra vegna birtuskilyrða, sem voru mjög breytileg. Lítil tími var gefinn til umræðna vegna þess hversu þétt dagskráin var. Í umræðum voru sjónarmið þróunarlandanna mjög áberandi og fulltrúar þeirra mjög virkir í umræðum.

Alheimsping World Blind Union fara fram á 4 ára fresti.

CSUN ráðstefna og sýning dagana 16. – 21. mars sl.

Undirritaður fór á CSUN ráðstefnuna, en hún er haldin árlega í Californíu á vegum CSUN(California State University Northridge), og er stærsta hjálpar-

tækjasýning fyrir blinda og sjónskerta sem haldin er í heiminum. Eins og venjulega er þarna um mjög auðugan garð að gresja og þarna eru margir áhugaverðir fyrirlestrar ár hvert.

Fyrirlestrar

Audio Description. Þarna er um að ræða lýsingu á leiknu efni í sjónvarpi og bíó. Þetta er ört vaxandi fag og er NFB(National Federation for the Blind) með ákveðið verkefni á gangi í samstarfi við Amerísk yfirvöld þar sem verið er að auka lýsingu á leiknu efni. Með tilkomu Blue Ray diska er mögulegt að setja þetta sem valkost með hverri mynd. Áhugavert efni, en þarna var aðallega farið yfir hvernig er best að lýsa efninu.

J-Ware. Þarna var kynning á línu vara frá fyrirtæki er heitir T&T og hægt er að kaupa hjá fyrirtæki er heitir GW Micro. Þetta eru aukaforrit fyrir Jaws sem gerir notkun hans aðgengilegri með tilteknum forritum. Þarna má netna J-Tunes, sem gerir iTunes algerlega aðgengilegt Jaws. J-Say sem gerir manni kleift að tala við tölvuna ákveðnar skipanir, því miður ekki á íslensku, og J-Tools sem gerir gagnagrunna auðveldari í umgengni fyrir Jaws. Áhugaverð lína af vörum og mæli ég með að fólk sem notar Jaws kynni sér þetta betur á heimasíðunni www.gwmicro.com.

Aðgengileg iPod. Þarna fengum við kynningu á talgervlatækninni í nýjustu iPodunum, þ.e 3. Kynslóð iPod Shuffle og 4. Kynslóð iPod Nano. Gaman er frá því að segja að það er hægt að mæla með því að blindir og sjónskertir kaupir sér þessi iPod því þau eru bara verulega aðgengileg, þegar búið er að virkja talið, en eins og er þarf alsjáandi til að virkja það. Talgervillinn er enskur og er mjög þægilegur. Væri áhugavert að sjá hvernig hann les Íslensk lög.

Samanburður á talgervlum stýrikerta. Þetta var mjög tæknilegur fyrirlestur, en niðurstaðan er sú að Windows, Mac OS og Open Solaris eru orðið með mjög nothæfa innbyggða talgervla í nýjustu stýrikerfunum sínum. Hlýtur maður að fagna því að stýrikerfin sjálf hafi þetta innbyggt og nothæft.

GPS tæknin fyrir blinda og sjónskerta. Þarna eru fyrirlestrar sem maður á alltaf að fara á. Á þessum var að vísu talað um hvernig maður notar svokallað tracking punkta í umferli og var þetta áhugavert en jafnframt ofar mínum skilningi. Aðalmálið var þó að GPS tækni fyrir blinda og sjónskerta er langt á veg komin í Bandaríkjunum og orðið hluti af umferlisþjálfun barna t.d.

Hjálpartækjasýningin

Ekki var mikið um ný tæki á sýningunni í ár eins og í fyrra. Nefna má þó að CodeFactory á Spáni er komið með forrit til að gera Blackberry símana aðgengilega, en það fyrirtæki er mikið í símalausnum og hefur nú þegar gert Daisy spilara fyrir GSM síma með Simbian stýrikerfum. Viewplus sýndi líka nýja útgáfu af snertiborðum þeirra, en þar er á ferð skemmtileg tækni í kennslu blindra barna. Humanware básinn er að sjálfsgöðu ómissandi hluti sýningarinnar. Þar kynnti ég mér vvel GPS tækin þeirra, Trekker og Trekker Breaze, en það seinna er lítil útgáfa þess fyrra. Sölumaðurinn, að nafni Dave Wilkinson, sagði mér að það væri nú þegar hægt að nota þessi tæki án korta, þ.e með svokallaðri tracker tækni, en þá merkir umferlisþjálfari inn ákveðna punkta á fastri leið viðkomandi skjólstæðings inn í tækið og svo les tækið leiðina í næstu ferð upp fyrir viðkomandi. Einnig sagði Davve mér að það væri bara samningsatriði með að setja upp Íslandskort fyrir þessi tæki. Skora ég á forystu Blindrafélagsins að koma sér í samband við þá Humanware menn og sjá hvað þarf til, því alveg er klárt að þessi tækni er það sem koma skal í umferlisþjálfun blindra og sjónskertra.

Það skemmtilega að sjá á sýningunni var að menn eru í óðaönn að bæta þau tæki sem til eru með betri talgervlum í tilfelli talandi tækja og betri myndavélum í tilfelli leshjálpartækja. Alveg er ljóst að mikið kapp er lagt á að koma með lausnir í GSM síma og verður gaman að sjá hvað sú vinna leiðir af sér á næstu árum.

Ég lærði mikið persónulega af þessari ráðstefnu ásamt því að kynnast mjög áhugaverðum fræðifólki á sviði blindra og sjónskertra. Þessar sýningar og ráðstefnur eru nauðsynlegt Social Networking tæki og mæli ég með að félagið okkar setji sér markmið í hvert á að senda fólk á hverju ári á svona sýningar.

Einar Lee

Minnisblað starfshóps um leiðsöguhunda á Íslandi

Inngangur

Hinn 10. desember 2008 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra Guðlaugur Þór Þórðarson starfshóp til þess að fjalla um leiðsöguhunda fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga á Íslandi. Hópnum var falið að fara yfir tilhögun, kostnað og þróun þjónustunnar. Í hópnum sátu Eva Þengilsdóttir (formað-

ur starfshóps), Friðgeir Jóhannesson (Blindrafélagið), Guðbjörg Árnadóttir (Þjónustu- og þekkingarmiðstöð), Kristinn Halldór Einarsson (Blindrafélagið) og Vigdís Hallgrímsdóttir (heilbrigðisráðuneytið). Hópurinn hóf störf 19. janúar 2009, haldnir voru fimm fundir.

Starf hópsins

Rædd var **reynsla af notkun leiðsöguhunda** fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga hér á landi og annars staðar, helstu kostir og gallar. Árið 2007 gerðu Blindrafélagið og heilbrigðisráðuneytið með sér samstarfssamning um að flytja til landsins fimm þjálfaða leiðsöguhunda fyrir blinda og sjónskerta. Í dag eru fimm leiðsöguhundar á landinu. Ljóst er að fyrir blindan eða sjónskertan einstakling getur leiðsöguhundur verið einstakt hjálpartæki, veitt einstaklingnum aukið frelsi og öryggi í umferli. Skv. 26 gr. laga um sjúkratryggingar er hjálpartæki tæki sem ætlað er að draga úr fötlun, aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun. Hjálpartækið verður jafnframt að teljast nauðsynlegt og hentugt til að auðvelda athafnir daglegs lífs.

Lagt var mat á það **hvort leiðsöguhundar skulu skráðir sem hjálpartæki**. Tekið var tillit til þess að við slíka skráningu fara þeir á hjálpartækjalista Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar (í lögum 160/2008 kemur fram að stofnunin annist mat á þörf og úthlutun sérhæfðra hjálpartækja sem ekki er úthlutað á vegum Tryggingastofnunar) og þar með geta allir notendur stöðvarinnar sótt um að fá hund. Uppfylli umsækjandi skilyrði fyrir úthlutun skal honum úthlutað hjálpartækinu eins og gildir um önnur hjálpartæki. Ljóst er einnig að gera þarf ráð fyrir auknum kostnaði miðstöðvarinnar. Eins var tekið til umræðu verklagsferli vegna mats á umsóknum – hvaða aðilar ættu að taka að sér eða gætu tekið að sér mat fyrir úthlutun og umferlisþjálfun notanda.

Rætt var um **úthlutunarreglur** og mikilvægi þess að þær verði skýrar og vel skilgreindar. Dæmi um það sem taka þarf tillit til við úthlutun er aðstoða umsækjanda til að halda hund, líkamlegt atgervi umsækjanda, kunnátta eða geta umsækjanda í umferli og hvernig umsjón með hundi á að vera háttáð ef notandi er ekki til staðar tímabundið.

Þá voru ræddar **verklagsreglur og lagt mat á það hvort rækta ætti hundana hér á landi eða kaupa** þá annars staðar frá. Ljóst er að verklagsreglur þurfa að vera skýrar hvort sem hundarnir eru keyptir erlendis frá eða ræktaðir hér á landi. Þættir sem nefna má í því sambandi eru t.d. frá hvaða skólum er æskilegt eða ásættanlegt að kaupa hunda, hvar frumþjálfun eða grunn-

Þjálfun fer fram, hvernig endurþjálfun skal háttað, hver sjá á um eftirlit með heilsu og aðstæðum hundsins, hvernig skal háttað verklagi um inn-grip, hvert kvartanaferlið skal vera og hvað gera skal við hunda þegar þeir ljúka störfum sem leiðsöguhundar.

Ekki var reynt að meta **heildarkostnað við verkefnið** vegna óstöðugs gengis krónunnar og óvissu um fjölda hunda þar sem ekki hefur farið fram könn-un á því hversu margir vilja leiðsöguhund eða telja líklegt að þeir muni óska eftir einum slíkum. Þegar liggja fyrir fjórar umsóknir hjá Blindrafélaginu og gerir félagið ráð fyrir að 12 – 15 hundar mæti þörfinni hér á landi og er þá miðað við hlutfall notenda í helstu samanburðarlöndum okkar. Af nágrannalöndum okkar er hlutfall leiðsöguhunda hæðst í Noregi og miðað við það hlutfall yrði fjöldi hundanna um 20. Bent er á skýrslu Blindrafélagsins um leiðsöguhunda á Íslandi og þær kostnaðartölur sem þar eru tilgreindar. Samkvæmt þeim útreikningum má gera ráð fyrir að kostnaður miðað við meðalstarfstíma hunds sé um 2200 krónur á dag.

Skipta má kostnaði við verkefnið í:

- a. Fastan kostnaður við hvern hund: I. Val og kaup á hundi; II. Þjálfun III. Flutningur; IV. Sóttkví
- b. Rekstrarkostnaður: I. Fóður; II. Eftirlits- og lækniskostnaður III. Fram-haldsþjálfun IV. Ráðgjöf við notendur; V. Tryggingar
- c. Óbeinn kostnaður: I. Mat og umsýslukostnaður sem fellur á Þjónustu- og þekkingarmiðstöð; II. Umsýslukostnaður sem fellur á Blindrafélagið

Rætt var um mögulega **fjármögnun verkefnisins**. Í 26. gr. laga um sjúkra-tryggingar kemur fram að þær skuli taka þátt í kostnaði við öflun nauð-synlegra hjálpartækja sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða, með takmörkunum og samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar¹⁾ sem ráðherra setur. Skv. reglugerð nr. 1138/2008 greiða Sjúkratryggingar Íslands styrki vegna hjálpartækja sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða til að auðvelda einstaklingum að takast á við athafnir daglegs lífs. Kemur fram að einkum er um að ræða hjálpartæki til sjálfsbjargar og öryggis og í ákveðnum tilvikum til þjálfunar og meðferðar. Í reglugerð 170/2009 um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða kemur fram að uppbætur eða styrkur er veittur til ökuþjálfunar, reksturs bifreiðar og kaupa. Færa má fyrir því rök að leiðsöguhundur gegni ekki ósvipuðu hlutverki fyrir notanda sinn og bíll gerir fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Þess má geta að veittur er styrkur allt að fimm milljónum til kaupa á sérútbúinni bifreið.

Í fyrrnefndri skýrslu Blindrafélagsins kemur fram að félagið er, auk þess að vera tilbúið til að taka að sér vinnu vegna verkefnisins, tilbúið til að taka á sig hluta af þeim kostnaði sem til fellur.

Lögð voru fram gögn um lög og reglur um leiðsöguhunda á Norðurlöndunum, lög um Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, lög um sjúkratryggingar, reglugerð um hjálpartæki, reglugerð um styrki til hreyfihamlaðra vegna kaupa á bifreið, ýmsar reglugerðir tengdar hjálpartækjum, upplýsingar frá samtökum leiðsöguhundaeigenda og tengdra aðila (EGDF), upplýsingar um samtök leiðsöguhundaskóla og mikilvæg atriði við stofnun og rekstur slíkra skóla og Skýrsla Blindrafélagsins til Heilbrigðisráðuneytisins um ávinning af notkun leiðsöguhunda fyrir blinda og sjónskerta um leiðsöguhunda á Íslandi.

Helstu niðurstöður og tillögur hópsins

1. Leiðsöguhundar verði skilgreindir sem hjálpartæki.

Nefndin tekur undir það viðhorf sem kemur fram í skýrslu Blindrafélagsins að eðlilegt sé að litið verði á leiðsöguhunda fyrir blinda og sjónskerta eins og hver önnur hjálpartæki sem hið opinbera á að láta í té. Mat á þörf og úthlutun leiðsöguhunda fari fram hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð, þ.e. eins og tíðkast um önnur hjálpartæki sem ætluð eru sérstaklega blindum, sjónskertum eða daufblindum. Fastur kostnaður auk umsýslukostnaðar fellur í hlut hins opinbera. Þannig væri viðurkenndur réttur blindra og sjónskertra einstaklinga til að fá leiðsöguhund til afnota sem hjálpartæki svo framalega að hann komi að notum og einstaklingurinn treysti sér til að halda hundinn.

2. Hundarnir verði keyptir til landsins að grunnþjálfun lokinni.

Ekki er fýsilegt að ræktun fari fram hér á landi þar sem að mögulegur fjöldi notenda er takmarkaður og hluti þeirra sem hefur þörf fyrir eða áhuga á leiðsöguhundi. Ljóst er að áhætta og kostnaður yrði of mikill.

Mikilvægt er að ýrtruðu krafna sé gætt þegar val á seljanda (hunda-skóla) fer fram (sjá hér að framan). Útboð eða langtímasamningar við viðurkennda aðila koma til greina.

3. Fjármögnun verkefnisins verði á höndum hins opinbera og Blindrafélagsins. Hið opinbera greiði fastan kostnað (kaupi hjálpartækið og

greiði kostnað sem fellur á Þjónustu- og þekkingarmiðstöð) við kaup á hjálpartækinu. Rekstrarkostnaður falli á Blindrafélagið.

4. Hjálpartækjanefnd Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar annist úthlutun leiðsöguhunda í samræmi við settar úthlutunarreglur og kalli eftir ráðgjöf menntaðs hundabjálfara og / eða annarra sem geta lagt mat á eða gefið ráð um þætti sem snúa að hundunum. Hjálpartækjanefnd hefur jafnframt vald til að grípa inn í og afturkalla ákvarðanir um hunda sem hefur verið úthlutað og endurúthluta hundum sem hefur verið skilað að undangenginni faglegri ráðgjöf.
5. Sett verði á fót samráðsnefnd sem komi að verkefninu eftir að úthlutun er lokið. Í henni sitji fulltrúi Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar, fulltrúi Blindrafélagsins, hundabjálfari auk fulltrúa notenda. Samráðsnefnd verði hjálpartækjanefnd, Þjónustu og þekkingarmiðstöð og öðrum hagsmunaaðilum til ráðgjafar varðandi leiðsöguhunda fyrir blinda og sjónskerta m.a. um endurskoðun og þróun verkefnisins.
6. Blindrafélagið komi að þjónustu við notendur eftir að afhending hundanna hefur farið fram. Aðkoma Blindrafélagsins getur auðveldað fjármögnun á verkefninu og kynningu meðal almennings. Nálægðin við notendahópinn getur aukið líkur á því að eftirþjálfun verði unnin af fagmennsku, notendur fái handleiðslu í meðferð og notkun hundanna og önnur vinna við verkefnið verði samhæfð og unnin af þekkingu. Eins að þekking verði til og haldist í félaginu.

Meðal verkefna sem Blindrafélagið telur sig geta séð um, skv. fyrrnefndri skýslu eru:

- Haft í sinni þjónustu hundabjálfara sem hafi það hlutverk að fínstillast þjálfunina og fylgist með samvinnu hunds og manns og lagfæri á hverjum tíma vandamál sem upp kunna að koma.
- Fylgst með heilbrigði hundanna og séð til þess að þeir fái viðeigandi sprautur gegn dýrasjúkdómum og fari í reglubundið (árlegt) eftirlit hjá dýralækni.
- Tryggingar á hundunum.
- Fylgst með fóðrun hundanna og gert samninga við fyrirtæki þar um.
- Kynni leiðsöguhunda blindra og sjónskertra meðal almennings og annist upplýsingagjöf til almennings og opinberra aðila.

Starfshópur um leiðsöguhunda fyrir blinda og sjónskerta á Íslandi mælir eindregið með því að leiðsöguhundar verði gerðir aðgengilegir blindum, sjónskertum og daufblindum á Íslandi. Í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra er lögð áhersla á að stuðla skuli að ferðafrelsi þeirra sem glíma við fötlun og tryggja þeim nauðsynleg hjálpartæki til þess. Í ljósi jafnræðis telur hópurinn því sjálfsagt og eðlilegt að blindum, sjónskertum og daufblindum verði gert kleift að nýta sér leiðsöguhunda til þess að auka möguleika sína á að fara um frjáls ferða sinna.

Reykjavík 18. mars 2009.

Ráðningar í opinber störf

Vinnubrögð félagsmálaráðuneytisins vegna ráðningar forstjóra Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga var gagnrýnd harðlega af stjórn Blindrafélagsins. Að öðru leiti óskaði stjórnin eftir góðu samstarfi við nýráðinn forstjóra enda skiptir þjónusta stofnunarinnar félagsmenn ákaflega miklu máli.

Stjórnin samþykkti eftirfarandi ályktun um málið á fundi sínum þann 26. febrúar 2009:

„Félagsmálaráðherra hefur ráðið Huld Magnúsdóttur í stöðu forstjóra Þjónustu og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, en stofnunin hóf starfsemi þann 1 janúar 2009.

Blindrafélagið leggur mikið upp úr því að eiga sem best samstarf við alla þá aðila sem koma að þeim hagsmunamálum sem félagið sinnir og býður því hinn nýja forstjóra velkominn til starfa.

Að mati forystu Blindrafélagsins voru í hópi umsækjenda mjög hæfir einstaklingar sem Blindrafélagið þekkir vel til og jafnframt eru vel kunnugir málefnum blindra og sjónskertra. Enginn þeirra varð fyrir valinu í stöðu forstjóra miðstöðvarinnar.

Að því gefnu að félags- og tryggingarmálaráðuneytið hafi staðið faglega að ráðningunni, má ljóst vera að Blindrafélagið getur haft miklar væntingar til starfa og þekkingar hins nýráðna forstjóra Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.“

Um starfslýsingar og ráðningar fólks með fötlun

Félagsfundur Blindrafélagsins haldinn þann 26 mars sl. samþykkti að vísa til stjórnar eftirfarandi ályktun sem borin var upp á fundinum:

„Félagsfundur í Blindrafélaginu haldinn að Hamrahlíð 17 26. mars lýsir furðu sinni og undrun á ráðningu starfsmanns sem á að sjá um gerð blindraletursefnis við þekkingarmiðstöð blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga. Þar var umsækjanda sem gjör þekkir blindralettrið og hefur unnið um áratugaskeið að þróun þess hafnað. Fundurinn felur stjórn félagsins að fylgja þessari ályktun eftir og fer fram á rökstuðning fyrir því af hverju viðkomandi einstaklingi var hafnað. Félagsfundurinn álitur að þar hafi nýr sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun verið þver brotinn. Félagsfundurinn minnir á kjörorð Öryrkjabandalagsins Ekkert um okkur án okkar“.

Stjórn félagsins hefur kynnt sér athugasemdir sem gerðar hafa verið við ráðninguna og rökstuðning settan fram af Þjónustu og þekkingarmiðstöðinni fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Í rökstuðningi miðstöðvarinnar kemur fram að á stjórnvöldum hvíli sú skylda að velja þann umsækjanda sem telst hæfastur til að gegna viðkomandi starfi og felst í rökstuðningi miðstöðvarinnar að það hafi verið gert.

Í lögum um málefni fatlaðra nr 59/1992 32. gr. segir:

Fatlaðir skulu eiga forgang að atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Sé að mati svæðisráðs gengið á rétt fatlaðs manns við veitingu starfs getur það krafið veitingarvaldhafa um skriflega greinargerð fyrir ákvörðun sinni í sambandi við stöðuveitinguna.

Þegar verið er að ráða í störf sem að snúa að vinnu og þjónustu við fatlaða einstaklinga þá hlýtur sú spurning að vakna að hve miklu leyti stjórnvöld meta til hæfni reynslu af því að vera fatlaður og þekkingu á málefnum þeirra hópa sem verið er að þjónusta. Það má vera ljóst að í mörgum tilvikum getur þar verið um að ræða mikilvæga eiginleika sem geta nýst í starfi betur en formlega menntun. Jafnframt er ljóst að stjórnvaldi er í lófa lagið að setja upp þannig hæfisilyrði að fatlaðir einstaklingar eigi ekki möguleika á ráðningu og að rökstuðningi stjórnvaldsins verði ekki hnekkj út frá þeim hæfiskilyrðum sem sett voru.

Hér á landi er nú unnið að innleiðingu Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í 27 grein sáttmálans, sem fjallar um vinnu og starf, eru taldar upp skyldur aðildarríkjanna, en þær eru:

- a) að leggja bann við mismunun sakir fötlunar að því er varðar öll mál sem tengjast störfum af hvaða tagi sem er, m.a. nýskráningar-, ráðningar- og starfsskilyrði, starfsöryggi, starfsframa og öryggi og hollustuhætti á vinnustað,
- b) að vernda rétt fatlaðra, til jafns við rétt annarra, til sanngjarnra og hagstæðra skilyrða í starfi, m.a. jafnra tækifæra og launajafnréttis, öryggis og hollustu á vinnustað, þ.m.t. vernd gegn stöðugri áreitni, og til þess að fá úrlausn kvörtunarmála,
- c) að tryggja að fötluðum sé gert kleift að nýta sér atvinnuréttindi sín og réttindi sem meðlimir stéttarfélaganna til jafns við aðra,
- d) að gera fötluðum kleift að hafa með virkum hætti aðgang að tækni- og starfsráðgjöf, atvinnumiðlun og starfsþjálfun og símenntun sem almenningi stendur til boða,
- e) að skapa atvinnutækifæri fyrir fatlaða og stuðla að starfsframa þeirra á vinnumarkaði, ásamt því að auka aðstoð við að finna starf, fá það, halda því og fara aftur inn á vinnumarkað,
- f) að stuðla að tækifærum til að starfa sjálfstætt, fara út í sjálfstæðan atvinnurekstur, þróa samvinnufélög og hefja eigin starfsemi,
- g) að ráða fatlaða til starfa innan opinbera geirans,
- h) að stuðla að því að fatlaðir verði ráðnir til starfa innan einkageirans með því að marka stefnu við hæfi og gera viðeigandi ráðstafanir sem kunna að felast í uppbyggilegum aðgerðaáætlunum, hvatningu og öðrum aðgerðum,
- i) að tryggja að viðeigandi hagræðing fari fram í þágu fatlaðra á vinnustað,
- j) að stuðla að því að fatlaðir geti aflað sér starfsreynslu á almennum vinnumarkaði,
- k) að stuðla að starfstengdri og faglegri endurhæfingu fatlaðra, að því að þeir haldi störfum sínum og að framgangi áætlana um að þeir geti snúið aftur til starfa.

Stjórn Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, skorar á allar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök sem starfa að málefnum fatlaðra og þar með talið blindra og sjónskertra, að setja sér það markmið að starfs-

Þáttum í tiltekin störf sé þannig raðað saman til geti orðið störf sem henta fötluðum starfsmönnum. Í þessu felst að leytast skuli eftir því að fremsta megni að hafa ekki í starfslýsingum starfsþætti sem geta falið í sér hindranir fyrir fatlaðan einstakling og þar með dæmt hann úr leik sem hæfan umsækjanda um stöðuna.

Minningargrein formanns Blindrafélagsins um Helgu Einarsdóttur

Fimmtudaginn 14. ágúst er borin til grafar góð vinkona mín og baráttufélagi, Helga Einarsdóttir.

Það var að morgni fimmtudagsins 31. júlí sem mér bárust þær sorglegu fréttir að Helga Einarsdóttir hefði orðið bráðkvödd, nokkrum dögum fyrir 43 ára afmælisdag sinn. Helga „okkar“ Einars, eins og hún var gjarnan nefnd af mörgum félagsmönnum og starfsmönnum Blindrafélagsins, var einn ötulasti talsmaður fyrir réttindum, sjálfstæði og virðingu blindra og sjónskertra einstaklinga. Að hún skuli hafa fengið viðurnefnið „okkar“ við nafnið sitt sýnir betur en margt annað í hversu miklum metum hún var hjá hinum fjölmörgu félagsmönnum sem kynntust henni.

Það má segja að Helga hafi drukkið í sig baráttuandann með móðurmjólkinni, þar sem móðir hennar, Rósa Guðmundsdóttir, var blind og ötul í réttindabaráttu blinda og sjónskerts fólks, var m.a. formaður Blindrafélagsins um nokkurra ára skeið og þær mæðgur bjuggu m.a. í blindrafélagshúsinu. Skilningur Helgu á aðstæðum blindra og sjónskertra var þannig vaxinn upp úr grasrótinni og þegar hún svo bætti við sig fagmenntun á þessu sviði var innsæi hennar og skilningur orðin einstakur. Helga var sérlega hressandi manneskja. Hún var glaðvær, hláturmild, litaglöð, skarpgreind og hafði til að bera óbilandi bjartsýni og baráttuanda Öll höfum við okkar eigin ástæður til að syrgja fráfall Helgu, hún gegndi mismunandi hlutverkum í lífi okkar sem einstaklinga. Til viðbótar við að vera eiginkona og móðir þá var hún mikil útivistarkona, hún var kennari og fræðimaður, hún var einnig uppspretta eldmóðs í baráttu fyrir málstaðnum ásamt því að vera hugmyndafræðilegur brunnur í málefnum blindra og sjónskertra. Þá var hún jafnframt mörgum hvatning til að gera meira og betur, að brjótast út úr þægindaumhverfinu og láta reyna á sig, ekki vera fórnarlamb aðstæðnanna heldur taka stjórn á aðstæðum og gera það besta sem hægt er að gera. Síðast en ekki síst var hún góður vinur og félagi. Hópurinn sem stend-

ur í þakkarskuld við Helgu og þau verk sem hún vann, á alltof stuttri ævi, er stór og þar af eru margir félagsmenn Blindrafélagsins, og ég þar með talinn. Helga var ófeimin við að hafa samband við einstaklinga sem voru að ganga í gegnum það að missa sjón til að hvetja þá til dáða og ekki loka sig af. Með elju sinni og krafti, stuðlaði Helga að því að margir blindir og sjónskertir einstaklingar lifa í dag sjálfstæðara og innihaldsríkari lífi en þeir hefðu gert, ef ekki hefði komið til afskipta hennar.

Mér er vel minnstætt þegar ég hitti Helgu fyrst og hvað þessi kona var öðruvísi en ég átti von á, þegar ég fékk í heimsókn ráðgjafa frá Sjónstöð Íslands á þáverandi vinnustað minn. Hún var svo glaðvær og hvetjandi og í svo litríkri peysu. Hún talaði um lausnir. Ég kunni strax vel við þessa konu og leið vel í návist hennar. Helga er sjálfsagt sú manneskja sem ber mesta ábyrgð á því að ég gaf kost á mér í stjórn Blindrafélagsins. Hún hringdi í mig þegar ég var staddur á Ítalíu. Hún varð reyndar hissa á því að ég hafði ekki boðið henni með, þegar ég sagði henni hvar ég væri, en það var oft viðkvæðið okkar á milli, hún ætlaði alltaf að koma með í næstu ferð. Í þessu símtali sagðist hún vera með frábæra hugmynd, ég þyrfti bara að segja já. Hún vildi að ég gæfi kost á mér í stjórn Blindrafélagsins. Reyndar væru einungis 15 mínútur þar til framboðsfrestur rynni út. Og ég sagði já. Reyndar náðum við Helga að fara í ferðir saman. Í maí sl. lögðum við af stað á Hvannadalshnjúk ásamt fleira fólki, þar af nokkrum sjónskertum einstaklingum, en Helga hafði borið höfuðþungann að skipulagi ferðarinnar og hvatt mjög til hennar. Því miður urðum við frá að hverfa í um 1600 metra hæð vegna veðurs. Af sinni alkunnu jákvæðni þá fannst Helgu það fela í sér ný tækifæri, við hefðum þá góða ástæðu til að koma aftur. Var þá ákveðið að reyna aftur að ári. Aðra ferð fórum við í saman, um Snæfellsnes og Breiðafjörð í júlí sl. með hópi af góðu fólki. Helga, Jakob, eiginmaður Helgu, og Kalli 9 ára sonur þeirra voru þá að koma úr gönguferð í kringum Langasjó með allt á bakinu. Þar styrktust vinaböndin enn frekar og á ég frábærar minningar úr þeirri ferð. Eftirminni-legt er þegar Kalli gerði við það athugasemdir hverskonar gönguferð þetta væri eiginlega, alltaf verið að stoppa. Honum fannst greinilega ekki mikið til um, eftir gönguna í kringum Langasjó. Önnur skemmtileg minning er, þegar Helga og önnur kona sem var í gönguhópnum, tóku að sér að tína blóðberg til að krydda grillsteikina með. Gengust þær stöllur upp í því að þar með væru þær kryddpíur. Helga gegndi lykilhlutverki í mótun starfsemi hinnar nýju þjónustu og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda, sem áformað er að hefji starfsemi á næsta ári.

Þegar kom að faginu og því málefni sem Helga hafði helgað líf sitt, þá bjó hún yfir einstæðum eiginleikum. Hún var allt í senn eldhugi, fræðimað-

ur, kennari, frumkvöðull og hugmyndafræðingur, auk þess sem málstað-
urinn stóð hjarta hennar svo nærri sem nokkur kostur var. Þegar litið er til
reynslu, menntunnar, þekkingar og hugmyndafræðilegrar nálgunar á mál-
efnum blindra og sjónskertra hér á landi, þá stóð Helga þar fremst. Mikið
liggur eftir Helgu og hún taldi sig einnig eiga mikið ógert. Minningin um
Helgu, glaðværa baráttukonu, verður best heiðruð með því að láta ekki
hugfallast, það væri ekki í anda Helgu „okkar“ Einars. Þeir sem koma að
málefnum blindra og sjónskertra og vilja stand vörð um hagsmuni þeirra,
verða að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja áframhaldandi
faglegan metnað og að þeir hugmyndafræðilegu vegvísar sem Helga lagði
okkur til, verði okkur áfram til leiðsagnar í þeim verkefnum sem Helga vann
að. Þar mun Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi leggja
sitt af mörkum. Það má ljóst vera að við fráfall Helgu Einars er stórt skarð
höggvið í samfélag okkar. Vissulega er missirinn mestur fyrir nánustu fjöl-
skyldu, en hinn stóri vinahópur og samstarfsmenn Helgu er stórum fátæk-
ari eftir en áður. Um leið þá má líka segja að við sem höfum orðið þeirrar
gæfu aðnjótandi að verða samferða Helgu „okkar“ Einars erum ríkari á
eftir. Það ferðalag hefur verið mannbætandi.

Fyrir hönd Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, færi
ég fjölskyldu Helgu, vinum hennar og samstarfsfólki innilegustu samúðar-
kveðjur.

Viðhorfskannanir meðal félagsmanna Blindrafélagsins

Viðhorfskönnun meðal félagsmanna Blindrafélagsins 18 – 67 ára

| 1 | Hefurðu aðgang að tölvu? | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda | Náðist ekki í | Fjöldi félaga |
|---|----------------------------|-------|-------|------------|-----------------|---------------|---------------|
| | Fjöldi | 126 | 19 | 1 | 145 | 40 | 186 |
| | Hlutfall af þeim sem svara | 86,9% | 13,1% | 0,7% | 100,0% | | |
| | Hlutfall af fjölda félaga | 68% | 10% | 1% | 78% | 22% | 100% |

| 2 | Viltu fá aðgang að tölvu? | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda |
|---|---------------------------|-------|-------|------------|-----------------|
| | Fjöldi | 10 | 7 | 3 | 20 |
| | Hlutföll þeirra sem svara | 50,0% | 35,0% | 15,0% | 100,0% |

| 3 | Myndirðu vilja fara á tölvunámskeið | Já | Nei | Veit ekki | Fjöldi svarenda |
|---|-------------------------------------|-------|-------|-----------|-----------------|
| | Fjöldi | 56 | 41 | 49 | 146 |
| | Hlutföll þeirra sem svara | 38,4% | 28,1% | 33,6% | 100,0% |

| 4 | Nýtir þú þér þjónustu skrifstofu félagsins? | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda | Náðist ekki í | Fjöldi félaga |
|---|---|-------|-------|------------|-----------------|---------------|---------------|
| | Fjöldi | 95 | 41 | 10 | 146 | 40 | 186 |
| | Hlutfall af þeim sem svara | 65,1% | 28,1% | 6,8% | 100,0% | | |
| | Hlutfall af fjölda félaga | 51,1% | 22,0% | 5,4% | 78,5% | 21,5% | 100,0% |

| 5 | Framhaldsspurning, ef já við spurningu 4 Ertu ánægð/ur með þjónustuna | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda |
|---|--|-------|------|------------|-----------------|
| | Fjöldi | 92 | 3 | 0 | 95 |
| | Hlutfall af þeim sem svara | 96,8% | 3,2% | 0,0% | 100,0% |

| 6 | Hefurðu haft not af trúnaðarmannkerfi félagsins? | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda | Náðist ekki í | Fjöldi félaga |
|---|--|-------|-------|------------|-----------------|---------------|---------------|
| | Fjöldi | 30 | 105 | 11 | 146 | 40 | 186 |
| | Hlutfall af þeim sem svara | 20,5% | 71,9% | 7,5% | 100,0% | | |
| | Hlutfall af fjölda félaga | 16,1% | 56,5% | 5,9% | 78,5% | 21,5% | 100,0% |

| 7 | Framhaldsspurning, ef já við spurningu 6 Eru ánægð/ur með trúnaðarmannkerfið | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda |
|---|---|-------|-------|------------|-----------------|
| | Fjöldi | 26 | 4 | 0 | 30 |
| | Hlutfall af þeim sem svara | 86,7% | 13,3% | 0,0% | 100,0% |

Viðhorfskönnun meðal félagsmanna Blindrafélagsins, 68 – 80 ára

| 1 Hefurðu aðgang að tölvu? | | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda | Náðist ekki í | Fjöldi félaga |
|----------------------------|--|-------|-------|------------|-----------------|---------------|---------------|
| Fjöldi | | 24 | 72 | 0 | 96 | 11 | 107 |
| Hlutföll af þeim sem svara | | 25,0% | 75,0% | 0,0% | 100,0% | | |
| Hlutfall af fjölda félaga | | 22% | 67% | 0% | 90% | 10% | 100% |

| 2 Viltu fá aðgang að tölvu? | | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda |
|-----------------------------|--|-------|-------|------------|-----------------|
| Fjöldi | | 16 | 48 | 8 | 72 |
| Hlutföll þeirra sem svara | | 22,2% | 66,7% | 11,1% | 100,0% |

| 3 Myndirðu vilja sækja tölvunámskeið ? | | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda |
|--|--|-------|-------|------------|-----------------|
| Fjöldi | | 23 | 60 | 13 | 96 |
| Hlutföll þeirra sem svara | | 24,0% | 62,5% | 13,5% | 100,0% |

| 4 Nýtir þú þér þjónustu skrifstofu félagsins? | | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda | Náðist ekki í | Fjöldi félaga |
|---|--|-------|-------|------------|-----------------|---------------|---------------|
| Fjöldi | | 69 | 27 | 0 | 96 | 11 | 107 |
| Hlutföll af þeim sem svara | | 71,9% | 28,1% | 0,0% | 100,0% | | |
| Hlutfall af fjölda félaga | | 64,5% | 25,2% | 0,0% | 89,7% | 10,3% | 100,0% |

| 5 Framhaldsspurning, ef já við spurningu 4 Ertu ánægð/ur með þjónustuna | | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda |
|---|--|-------|------|------------|-----------------|
| Fjöldi | | 68 | 1 | 0 | 69 |
| Hlutföll af þeim sem svara | | 98,6% | 1,4% | 0,0% | 100,0% |

| 6 Hefurðu haft not af trúnaðarmannkerfi félagsins? | | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda | Náðist ekki í | Fjöldi félaga |
|--|--|-------|-------|------------|-----------------|---------------|---------------|
| Fjöldi | | 23 | 73 | 0 | 96 | 11 | 107 |
| Hlutföll af þeim sem svara | | 24,0% | 76,0% | 0,0% | 100,0% | | |
| Hlutfall af fjölda félaga | | 21,5% | 68,2% | 0,0% | 89,7% | 10,3% | 100,0% |

| 7 Framhaldsspurning, ef já við spurningu 6 Eru ánægð/ur með trúnaðarmannkerfið | | Já | Nei | Svara ekki | Fjöldi svarenda |
|--|--|-------|-------|------------|-----------------|
| Fjöldi | | 20 | 3 | 0 | 23 |
| Hlutföll af þeim sem svara | | 87,0% | 13,0% | 0,0% | 100,0% |

Viðhorfskönnun meðal félagsmanna Blindrafélagsins, 18 – 67 ára

78% svarhlutfall

| 1 | Hefurðu aðgang að tölvu? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|--------------------------|--------|----------------|
| | Já | 126 | 86% |
| | Nei | 19 | 13% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 1 | 1% |
| | Fjöldi svarenda | 146 | 100% |
| | Náðist ekki í | 40 | |
| | Fjöldi félaga | 186 | |

| 2 | Viltu fá aðgang að tölvu | Fjöldi | % af svarendum |
|---|--------------------------|--------|----------------|
| | Já | 10 | 50% |
| | Nei | 7 | 35% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 3 | 15% |
| | Fjöldi svarenda | 20 | 100% |

| 3 | Myndir þú sækja tölvunámskeið ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|---------------------------------|--------|----------------|
| | Já | 56 | 38% |
| | Nei | 41 | 28% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 49 | 34% |
| | Fjöldi svarenda | 146 | 100% |

| 4 | Nýtir þú þér þjónustu skrifstofu Blindrafélagsins ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|---|--------|----------------|
| | Já | 95 | 65% |
| | Nei | 41 | 28% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 10 | 7% |
| | Fjöldi svarenda | 146 | 100% |
| | Náðist ekki í | 40 | |
| | Fjöldi félaga | 186 | |

| 5 | Ertu ánægður með þjónustuna ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|-------------------------------|--------|----------------|
| | Já | 92 | 97% |
| | Nei | 3 | 3% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 0 | 0% |
| | Fjöldi svarenda | 95 | 100% |

| 6 | Hefurðu haft not af trúnaðarmannkerfinu ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|---|--------|----------------|
| | Já | 30 | 21% |
| | Nei | 105 | 72% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 11 | 8% |
| | Fjöldi svarenda | 146 | 100% |
| | Náðist ekki í | 40 | |
| | Fjöldi félaga | 186 | |

| 7 | Ertu ánægð/ur með trúnaðarmannakerfið ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|---|--------|----------------|
| | Já | 26 | 87% |
| | Nei | 4 | 13% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | | |
| | Fjöldi svarenda | 30 | 100% |

Viðhorfskönnun meðal félagsmanna Blindrafélagsins, 68 – 80 ára

90% svarhlutfall

| 1 | Hefurðu aðgang að tölvu? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|--------------------------|--------|----------------|
| | Já | 24 | 25% |
| | Nei | 72 | 75% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 0 | 0% |
| | Fjöldi svarenda | 96 | 100% |
| | Náðist ekki í | 11 | |
| | Fjöldi félaga | 107 | |

| 2 | Viltu fá aðgang að tölvu | Fjöldi | % af svarendum |
|---|--------------------------|--------|----------------|
| | Já | 16 | 22% |
| | Nei | 48 | 67% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 8 | 11% |
| | Fjöldi svarenda | 72 | 100% |

| 3 | Myndir þú sækja tölvunámskeið ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|---------------------------------|--------|----------------|
| | Já | 23 | 24% |
| | Nei | 60 | 63% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 13 | 14% |
| | Fjöldi svarenda | 96 | 100% |

| 4 | Nýtir þú þér þjónustu skrifstofu Blindrafélagsins ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|---|--------|----------------|
| | Já | 69 | 72% |
| | Nei | 27 | 28% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 0 | 0% |
| | Fjöldi svarenda | 96 | 100% |
| | Náðist ekki í | 11 | |
| | Fjöldi félaga | 107 | |

| 5 | Ertu ánægður með þjónustuna ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|-------------------------------|--------|----------------|
| | Já | 68 | 99% |
| | Nei | 1 | 1% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 0 | 0% |
| | Fjöldi svarenda | 69 | 100% |

| 6 | Hefur haft not af trúnaðarmannkerfinu ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|---|--------|----------------|
| | Já | 23 | 24% |
| | Nei | 73 | 76% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 0 | 0% |
| | Fjöldi svarenda | 96 | 100% |
| | Náðist ekki í | 11 | |
| | Fjöldi félaga | 107 | |

| 7 | Ertu ánægð/ur með trúnaðarmannakerfið ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|---|--------|----------------|
| | Já | 20 | 87% |
| | Nei | 3 | 13% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 0 | 0% |
| | Fjöldi svarenda | 23 | 100% |

Viðhorfskönnun meðal félagsmanna Blindrafélagsins, 18 – 80 ára

80% svarhlutfall

| 1 | Hefurðu aðgang að tölvu? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|--------------------------|--------|----------------|
| | Já | 150 | 62% |
| | Nei | 91 | 38% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 1 | 0% |
| | Fjöldi svarenda | 242 | 100% |
| | Náðist ekki í | 51 | |
| | Fjöldi félaga | 293 | |

| 2 | Viltu fá aðgang að tölvu | Fjöldi | % af svarendum |
|---|--------------------------|--------|----------------|
| | Já | 26 | 28% |
| | Nei | 55 | 60% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 11 | 12% |
| | Fjöldi svarenda | 92 | 100% |

| 3 | Myndir þú sækja tölvunámskeið ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|---------------------------------|--------|----------------|
| | Já | 79 | 33% |
| | Nei | 101 | 42% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 62 | 26% |
| | Fjöldi svarenda | 242 | 100% |

| 4 | Nýtir þú þér þjónustu skrifstofu Blindrafélagsins ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|---|--------|----------------|
| | Já | 164 | 68% |
| | Nei | 68 | 28% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 10 | 4% |
| | Fjöldi svarenda | 242 | 100% |
| | Náðist ekki í | 51 | |
| | Fjöldi félaga | 293 | |

| 5 | Ertu ánægður með þjónustuna ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|-------------------------------|--------|----------------|
| | Já | 160 | 98% |
| | Nei | 4 | 2% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 0 | 0% |
| | Fjöldi svarenda | 164 | 100% |

| 6 | Hefurðu haft not af trúnaðarmannkerfinu ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|---|--------|----------------|
| | Já | 53 | 22% |
| | Nei | 178 | 74% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 11 | 5% |
| | Fjöldi svarenda | 242 | 100% |
| | Náðist ekki í | 51 | |
| | Fjöldi félaga | 293 | |

| 7 | Ertu ánægð/ur með trúnaðarmannakerfið ? | Fjöldi | % af svarendum |
|---|---|--------|----------------|
| | Já | 46 | 87% |
| | Nei | 7 | 13% |
| | Svarar ekki/ Veit ekki | 0 | 0% |
| | Fjöldi svarenda | 53 | 100% |

